

Spor 1

Lífsleikni fyrir 1. bekk Kennsluleiðbeiningar

Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Spor 1 – Kennsluleiðbeiningar

© Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

1. útgáfa 2003
Námsgagnastofnun
Reykjavík

Vefútgáfa



Um efnið

Í þessu lífsleikninámsefni er sjónum einkum beint að samskiptum, hegðun og tilfinningum. Umfjöllun um þessi viðfangsefni er tengd atvikum sem eiga sér stað í daglegu lífi barna á þessum aldri. Dæmi um þetta er að finna í nemendahefti og þar er einnig stuðst við ljóð og vísur sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni.

Markmið

- Að efla tilfinningaþroska nemenda.
- Að auka samskiptahæfni nemenda.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu.

Námamat

Erfitt getur verið að meta árangur nemenda í þessari námsgrein, sérstaklega hjá svo ungum nemendum sem þessum. Hér koma nokkrar hugmyndir:

- Áhugi og iðni í kennslustundum.
- Hegðun og framkoma í skólanum og við aðra nemendur.
- Safnmappa með ýmsum verkefnum.

Leiðir

Í efninu er gengið út frá kenningu um fjölgreindir og þannig leitast við að sem flestir fái notið sín í kennslustundunum. Verkefnin eru oft í formi leikja, umræðna og sköpunar. Kennslubókin er lögð til grundvallar en kennsluleiðbeiningunum er ætlað að gefa kennurum hugmyndir um það hvernig fjalla megi nánar um hin ýmsu atriði með börnunum.

Efnið skiptist í þrjátíu kennslustundir en sumar þeirra eru það efnisríkar að vel mætti dreifa þeim á lengri tíma. Að sjálfsögðu er kennurum í sjálfsvald sett í hvaða röð þeir kenna efnið en þessar kennsluleiðbeiningar eru fyrst og fremst hugsaðar sem tillögur og hugmyndir.

Efnistöð

- | | |
|--------------------------------------|-------------------------------|
| 1.
Mér þykir vænt um sjálfa/n mig | 6.
Líkami minn – munnurinn |
| 2.
Ég læt mér þykja vænt um aðra | 7.
Að kunna að gefa |
| 3.
Reglur | 8.
Að hefna sín |
| 4.
Góð áhrif – slæm áhrif | 9.
Ég biðst fyrirgefningar |
| 5.
Líkami minn – hendurnar | 10.
Ég fyrirgef |

Safnmappa

Gert er ráð fyrir að börnin safni efni í safnmöppu. Hér eru tillögur að því hvernig nota má safnmöppuna.

- Safnmappan getur verið í því formi að hvert barn safnar efni í sína safnmöppu sem spannar alla skólagönguna. Barnið fær safnmöppuna afhenta þegar það hættir í skólanum.
- Barnið safnar verkefnum vetrarins í safnmöppu og fær hana heim að vori.
- Bekkurinn á sameiginlega safnmöppu þar sem verkum barnanna er haldið til haga, t.d. í plastvösum, þannig að aðgengilegt er að fletta án þess að skemma eða rífa blaðsíðurnar óvart.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að samvinna sé höfð við foreldra. Senda má heim með barninu í viku-áætlun eða með öðrum leiðum ábendingar og óskir um það sem foreldrar þurfa að aðstoða börnin sín með heima til að undirbúa næstu lífsleiknikennslustund.

Í upphafi námstímans er æskilegt að senda bréf heim með börnunum sem upplýsir foreldra um þessa nýju námsgrein og hvers vegna hún er kennd í skólanum. Bréfið getur verið á þessa leið:

Kæra foreldri

Í vetur fá börnin í 1. bekk kennslu í lífsleikni.

Í lífsleikni er börnunum bent á hvernig þau geta orðið sterkar og góðar manneskjur. Þeim eru kenndar samskiptareglur og kennt að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Lífsleiknikennslan byggist á kenningum um fjölgreindir, þar sem ýmsir hæfileikar barnanna fá að njóta sín, s.s. málgreind, rýmisgreind (myndsköpun o.fl.), tónlistargreind, hreyfigreind, rök- og stærðfræðigreind og umhverfisgreind. Þessu fylgir að oft er ekki um hefðbundin skólaverkefni að ræða, heldur eru stundum notaðar óhefðbundnari leiðir í kennslunni.

*Í vetur munum við leita eftir samvinnu við foreldra í ýmsum heima-
verkefnum. Verkefni þessi eru undantekningarlaust einföld og fljót-
leyst.*

Með kveðju,



Um nemendaheftið

Aðalpersónur nemendaheftisins eru bangsar. Bangsarnir hafa ýmsu að miðla sem þeir sjá og heyra hjá húsbændum sínum. Börnin samsama sig böngsunum.

Söngvar

Hér koma nokkrar tillögur að söngvum sem hægt væri að kenna börnunum í lífsleiknitímum vetrarins. Það að syngja getur verið góð leið til þess að tjá tilfinningar sínar. Fleiri söngva er að finna í kennsluleiðbeiningunum með Sporum 2 fyrir sjö ára og má einnig nota þá.

Lífsgleðisöngur

Vorvindar glaðir

*Vorvindar glaðir,
glettnir og hraðir,
geysast um löndinn rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa,
hjala og hoppa.
Hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla, hlustaðu á.
Hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður,
kætir og gleður.
Frjálst er í fjallasal.*

Helgi Valtýsson

Þjartsýnisljóð

Bráðum kemur betri tíð

*Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga,
sæta lánga sumardaga.*

*Þá er gaman að trítla um tún og tölta á eingi,
einkum fyrir únga dreingi.*

*Folöldin þá fara á sprett og fuglinn sýngur,
og kýrnar leika við kvurn sinn fingur.*

Halldór Laxness

Söngur um ótta

Siggi var úti

*Siggi var úti með ærnar í haga.
Allar' hann hafði þær suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi' hann að lágfóta dældirnar smó.
Gagg, gagg, gaggar tófan á grjóti.
Gráum augunum trúi ég hann gjóti,
aumingja Siggi,
hann ei þorir heim.*

Jónas Jónasson frá Hrafnagili

Sátt og samlyndi

Þumalfingur er mamma

*Þumalfingur er mamma,
sem var mér vænst og best.
Vísifingur er pabbi,
sem gaf mér rauðan hest.*


*Langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull.
Baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka úr ull.*

*Litli fingur er barnið,
sem leikur að skel.
Litli þínu anginn,
sem stækkar svo vel.*

*Hér er allt fólkið
svo fallegt og nett.
fimm eru á bænum,
ef talið er rétt.*

*Ósköp væri gaman
í þessum heim,
ef öllum kæmi saman
eins vel og þeim.*

Höfundur ókunnur



Fingurnir

*Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.*

Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú ...

Langatöng, langatöng, hvar ert þú ...

Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú ...

Litli fingur, litli fingur, hvar ert þú ...

Vinstri hönd, vinstri hönd, hvar ert þú ...

Hægri hönd, hægri hönd, hvar ert þú ...

Hringleikur sem notaður er í lok hverrar kennslustundar

Bangsi lúrir

*Bangsi lúrir,
bangsi lúrir,
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrin,
stirður eftir lúrin.
Að hann sofi,
að hann sofi.
Enginn treystir því.*

Kennslustund 1

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Til dæmis mætti setja skemmtilega tónlist í geislaspilarann og spila hana á meðan börnin eru að koma sér fyrir. Eins mætti velja lag sem börnin geta sungið í upphafi kennslustundarinnar. Best er að hafa alltaf sama byrjunarlagið og börnin fara fljótt að tengja það lífsleikni-tímanum.

Áhersluatriði

Mér þykir vænt um mig. Þar af leiðandi hugsa ég vel um sjálfa(n) mig.

Nemendahefti bls. 1

Kennarinn skoðar bls. 1 í nemendahefti með börnunum og les fyrir þau vísurnar um Sigurð í loftilla svefnklefanum og um dagana og þvottinn.

Umræður og teikniverkefni

Kennarinn ræðir við börnin um það hvernig þau geta látið sér annt um sjálf sig. Það getur komið sér vel að kunna að hugsa um sig sjálf/ur.

- Hvernig getum við hugsað vel um sjálf okkur?
- Hvað þurfum við að gera til þess að okkur sjálfum líði vel?
- Hvernig líður okkur t.d. þegar við pössum ekki upp á að fara snemma að sofa?
- Hvernig líði okkur ef við færum næstum því aldrei í sturtu eða bað?
- Hvað þurfum við að gera fleira til þess að líða vel?

Hér koma nokkrar hugmyndir sem nota má til hjálpar ef nemendum dettur fátt í hug, bíðið þó eftir svörum frá nemendum. Þau má t.d. skrá á töfluna og gera lista. Einnig má skrá þau á stórt karton og fá börnin til þess að teikna litlar útskýringarmyndir og líma á kartonið en þá þarf að skrifa við hverja mynd hvað verið er að gera. Kartonið er síðan hengt upp á vegg. Vel mætti hafa fleiri en eitt karton ef bekkurinn er stór.

Bursta tennurnar.

Greiða hárið.

Þvo sér um hendurnar.

Þvo sér í framan.

Fara snemma að sofa.

Klæða sig eftir veðri: Vera í þykkum og hlýjum fötum þegar kalt er. Stígvél í rigningu, léttum og þunnum fötum þegar heitt er.

Hafa hreint og fínt í kringum sig.

Borða hollan mat.

Taka vítamín og lýsi.

Vera dugleg að hreyfa sig.



Klippa myndir úr blöðum og tímaritum

Ef tök eru á má láta börn klippa myndir út blöðum, tímaritum og auglýsingabæklingum af alls konar hreinlætisvörum s.s. tannkremi, sápu, tannbursta, sjampói og fleiru í þeim dúr. Hollum og góðum mat, hlýjum og góðum fötum. Vel mætti nota auglýsingabæklinga frá matvöruverslunum og stórmörkuðum.

Sjálfsmynd: Teikna, klippa, líma

Börnin teikna sjálfsmynd, klippa myndirnar út úr blöðum og bæklingum og líma í kringum myndina af sjálfum sér.

Ljósritið textann „Ég hugsa vel um mig“ og límið hann neðst á blöð barnanna. Börnin eiga síðan að spora ofan í stafina. Myndina mega börnin setja í safnmöppuna sína.

Tannburstakönnun

Könnunin fer fram í bekknum.

Spurning:

- Hvernig er tannburstinn þinn á litinn?

Börnin eiga að teikna tannburstann sinn og lita hann í réttum lit. Þau klippa tannburstana síðan út og líma þá á sameiginlegt karton. Allir bláu tannburstarnir eru saman í hólfi. Allir rauðu saman og þannig koll af kalli.

Að lokum má telja hve margir eiga bláan tannbursta og hve margir eiga rauðan o.s.frv. Þannig má finna út hvaða litur er algengastur og hvaða litur er sjaldgæfastur.

Orðaforði

Skrifa má orðin á töfluna og búa til setningar úr hverju þeirra.

Þvo sér, þrífa sig, bursta tennur, snyrtileg(ur), hollt og gott, klæða sig eftir veðri. Algengastur, sjaldgæfastur.

Hlustun

Vel mætti spila lögina um tannlausá kónginn í sælgætislandi (Halli og Laddi) og „Ei skemmist sú tönn sem er skínandi hrein“ (Kristín Ólafsdóttir) ef slík lög eru innan seilingar.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja lífsleiknikennslustund á sama hátt.

Börnin mynda hring og leiðast. Þau ganga hringinn á meðan lagið „Bangsi lúrir“ er sungið (sjá bls. 7). Eitt barnið er í miðjunni og grúfir sig niður í gólfið. Þegar börnin hafa sungið: Að hann sofi, enginn treystir því, á bangsinn að rísa upp og reyna að klukka eitthvert barnið. Það barn sem bangsinn getur klukkað verður bangsinn næst.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Klippa út úr blöðum.


Rýmisgreind: Teikningar. Myndir klipptar út og límðar á blað. Skrifað ofan í stafi. Tannburstaverkefni

Málgreind: Umræður, hlustun.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér hvernig þau geta látið sér líða vel.

Tónlistargreind: Hlustun í upphafi kennslustundar. Bangsaleikur. Hlustað á lög um tannvernd.

Rök- og stærðfræðigreind: Könnun á tannburstum í bekknum (tannburstaverkefni).



Kennslustund 2

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Ég læt mér þykja vænt um aðra.

Umræður

Í síðustu lífsleiknikennslustund ræddum við um það hvernig við getum látið okkur þykja vænt um okkur sjálf. Við hugsuðum um hluti sem hjálpa okkur að líða vel. Núna ætlum við að ræða um það hvernig við getum látið okkur þykja vænt um annað fólk. Börnin koma með hugmyndir að því hvernig þau geta sýnt öðrum væntumþykju. Hugmyndir barnanna má skrifa á töfluna.

Hér koma nokkur dæmi til stuðnings:

Vera góð(ur) við aðra.

Vera tillitssöm/samur við aðra.

Knúsa og faðma þá sem manni þykir vænt um þegar það á við.

Gefa öðrum eitthvað.

Hrósa öðrum.

Leyfa öðrum að vera með manni.

Hlusta á aðra þegar þeir tala.

Hjálpa öðrum þegar þeir þurfa á hjálp að halda.

Hugga þá sem eru að gráta.

Passa þá sem eru hræddir og óöruggir.

Orðaforði

Að þykja vænt um, knúsa, faðma, hugga, hlusta, passa, gæta, hrósa.

Vel má búa til setningar úr orðunum.

Leikir

Kisugrey

Allir sitja í hring á gólfinu nema einn. Hann/hún er inni í hringnum og leikur litla kisu. Kisan hleypur um og stansar fyrir framan einn í hringnum og mjálmar þrisvar sinnum og reynir þar með að fá hann til að hlæja. En hann strýkur kisunni um höfuðið og segir: „Kisugrey“ án þess að hlæja. Kötturinn fer þá til einhvers annars og reynir aftur. Ef einhver fer að hlæja verður hann að taka við hlutverki kattarins. (Leikinn er að finna í bókinni 250 *leikir*).

Kisa segir mjá

Allir sitja í hring á gólfinu nema einn. Hann/hún er inni í hringnum og hefur bundið fyrir augun og leikur litla kisu. Kennarinn leiðir kisuna til einhvers í hringnum. Kisan sest ofan á hann og segir: „Kisa segir mjá.“ Þá á sá sem kisan situr á að mjálma. Kisan á að reyna að þekkja hver á röddina. Ef kisan þekkir röddina á sá sem röddina átti að vera kisan næst.

Verkefni: Ég hugsa vel um aðra

Börnin teikna mynd af sér þar sem þau eru að hugsa vel um aðra. Myndina má setja í safnmöppurnar.

Ljósritið setninguna: „Mér þykir vænt um aðra“ og límið neðst á blöð barnanna. Börnin eiga að skrifa ofan í stafina.

Ef tækifæri gefst eða tilefni er til mætti fá börnin til þess að hjálpast að í kennslustofunni eða t.d. á leið út í frímínútur. Vel mætti fá þau sjálf til þess að finna út á hvaða hátt þau geta hjálpað hvert öðru.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Leikir.


Rýmisgreind: Börnin teikna mynd.

Málgreind: Umræður.

Samskiptagreind: Leikir.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin hugsa um hvernig þau sjálf geta látið sér þykja vænt um aðra með ýmsu sem þau geta gert.

Tónlistargreind: Hlustun/söngur í upphafi kennslustundarinnar. Bangsaleikur.



Kennslustund 3

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um alls konar reglur og veltum fyrir okkur hvers vegna það er mikilvægt að hafa reglur.

Nemendahefti bls. 2

Kennarinn les textann í nemendaheftinu með börnunum og myndirnar eru skoðaðar.

Umræður um reglur

- Hvers vegna þurfum við reglur?
- Eru til einhverjar fleiri reglur en umferðarreglurnar?
- Hvað með skólareglur?
- Hvers vegna eru til skólareglur?
- Hvernig væri lífið í skólanum ef það væru engar reglur?

Einnig má ræða um leikreglur. Af hverju eru ákveðnar leikreglur og hvers vegna er mikilvægt að allir fari eftir þeim?

Bekkjarreglur búnaar til

Börnin hjálpast að við að búa til reglur fyrir bekkinn. Mikilvægt er að reglurnar séu á jákvæðum nótum þar sem frekar eru notaðar setningar eins og „við hlustum á aðra ...“ fremur en setningar sem byrja á „það má ekki ...“

Kennarinn skrifar reglurnar á karton og hengir þær upp í stofunni.

Við spilum

Í flestum skólum eru til spil, s.s. 52 spil, lúdó, slönguspil o.fl. Útdeilið spilum til barnanna og gangið úr skugga um að allir kunni spilin. Útskýrið leikreglurnar. Ræða má um spilareglur. Er hægt að spila spil þar sem engar reglur gilda? Hvernig vitum við þá hver vinnur spilið? Að svindla í spilum er að brjóta reglurnar.

Orðaforði

Reglur, skólareglur, leikreglur, heimilisreglur, umferðarreglur, brjóta reglu, fara ekki eftir reglum, svindla.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur.


Rýmisgreind: Myndir í kennslubók skoðaðar.

Málgreind: Umræður og hlustun, lestur í kennslubók.

Samskiptagreind: Leikur og spil, reglur.

Tónlistargreind: Upphafslag og bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Spil.



Kennslustund 4

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um það sem hefur góð áhrif á okkur og það sem hefur slæm áhrif á okkur.

Umræður um ljótar kvikmyndir

Hvers vegna eiga börn ekki að horfa á bíómyndir sem eru bannaðar börnum? Sumar myndir eru svo ljótar að börn verða hrædd og geta ekki sofnað. Aðrar myndir eru ljótar á annan hátt. Þar eru kannski svo mikil slagsmál og ofbeldi að börnin hafa ekki gott af því að horfa á þær. Af hverju er ekki gott fyrir börn að horfa á slagsmál og ofbeldi í bíómyndum? Kannski gætu þau farið að herma eftir bíómyndunum og meitt einhvern illilega.

Hlustað á tóndæmi

(Hér gæti tónmenntakennarinn orðið að liði við að útvega tóndæmi).

Það er margt fleira sem getur haft áhrif á okkur. Tónlist getur t.d. haft mjög góð áhrif á okkur. Hún getur líka haft slæm áhrif á okkur ef hún er óskiljanleg og hávær. Hér mætti taka dæmi.

- Börnin fá að hlusta á létt og skemmtilega barnatónlist jafnvel með fyndnum texta. Ræðið við börnin hvernig áhrif þeim fannst tónlistin hafa á sig. Komust þau í gott skap eða fóru þau í vont skap?
- Setjið slökunartónlist í geislaspilarann og fáið börnin til þess að sitja kyrr og róleg og loka augunum. Ræðið hvernig áhrif slík tónlist hefur á þau.

Ath. Ekki hafa slökunartónlistina of lengi á, gæta þarf að úthaldi órólegustu barnanna. Slökunartónlist hefur ekki góð áhrif ef það eru ólæti í bekknum.

Sjónvarpsverkefni – undirbúið heima

Í mörgum stofum sex ára barna er gamalt sjónvarp sem búið er að taka glerið úr eða brúðuleikhús. Börnin mega undirbúa sig heima og koma með „sjónvarpsatriði“. Sjónvarpsatriðið getur t.d. verið brandari, söngur, spila á blokkflautu (eða annað hljóðfæri), sýna mynd sem barnið hefur teiknað, t.d. af einhverju sem barnið hefur séð í sjónvarpinu. Kennarinn velur hvað hentar best að láta börnin gera. Leggja þarf þetta verkefni fyrir sem heimaverkefni fyrir tímann svo börnin geti undirbúið sig heima.

Orðaforði

Góð áhrif, slæm áhrif, liður vel, liður illa.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur.

Rýmisgreind: Ef börnin teikna mynd fyrir sjónvarpsverkefnið.


Málgreind: Umræður, orðaforði, sjónvarpsverkefnið.

Samskiptagreind: Leikur.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velja fyrir sér hvað hefur slæm og góð áhrif á þau.

Tónlistargreind: Hlustað á tóndæmi. Tónlist eða söngur í upphafi kennslustundar.

Bangsaleikur.



Kennslustund 5

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er áherslan lögð á hendurnar. Hendurnar hafa miklu hlutverki að gegna í mannlegum samskiptum. Við getum notað þær bæði til góðs og ills. Börnin eiga að velta fyrir sér hvernig þau nota hendurnar og hvort þau geti ekki gert gagn með þeim, frekar en að meiða eða skemma.

Nemendahefti bls. 3 – hendur

Börnin skoða hendurnar. Fyrst skoða þau myndirnar af höndunum í kennslubókinni á bls. 3, síðan skoða þau sínar eigin hendur. Þau bera saman bækur sínar um það hvað þau geta gert með höndunum. Sumir kunna að smella fingrum, klappa o.s.frv.

Umræður um hendur

- Hvað getum við gert gott með höndunum? Hér er átt við að gera gagn, vera góð.
- Hvað getum við gert skemmtilegt með höndunum? Hér er átt við leik, föndur, sköpun.
- Hvað getum við gert slæmt með höndunum? Hér er átt við skemmdarverk og fantaskap.

Við eigum góðar hendur og eigum að nota þær á góðan hátt.

Leir – hendurnar notaðar til þess að búa til eitthvað fallett

Öll börnin fá leirklump. Þau eiga að nota hendurnar til þess að búa til eitthvað fallett eða skemmtilegt úr leirnum. Þegar allir hafa búið eitthvað til verður haldin sýning. Allir í bekknum og kennarinn eiga að skoða það sem hinir gerðu. Börnin mega líka segja frá því hvað það er sem þau voru að leira.

Orðaforði

Strjúka, gæla, nudda, klappa, halda á.
Skapa, búa til, teikna, sauma, smíða, leira, leika sér.
Lemja, berja, klípa, klóra, hrinda.

Söngvar

Sjá söngtextana framarlega í kennsluleiðbeiningunum.

Þumalvingur er mamman
Þumalvingur, þumalvingur, hvar ert þú?

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Leirað, hendur skoðaðar og hvað hægt er að gera með þeim, bangsaleikur.


Rýmisgreind: Myndir í kennslubókinni skoðaðar.

Málgreind: Umræður.

Samskiptagreind: Hvernig við notum hendurnar í samskiptum við aðra.

Tónlistargreind: Tónlist, söngvar, bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Söngurinn Einn lífill, tveir litlir o. s. frv.



Kennslustund 6

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er áherslan lögð á munninn. Munnurinn hefur stóru hlutverki að gegna í mannlegum samskiptum. Það er alls ekki sama hvað út úr honum fer.

Nemendahefti bls. 3 – ljóti bangsinn

Börnin skoða myndina af böngsunum á bls. 3 í nemendaheftinu og kennarinn les með þeim textann í orðabelgunum.

Umræður um bangsana á bls. 3

Aumingja bangsinn hennar Önnu. Ætli hann hafi ekki orðið leiður að heyra hvað hinum böngsunum fannst hann vera ljótur? En hvernig ætli honum hafi liðið þegar einn bangsinn sagði að hann væri heppinn að fá að vera svona mikið með Önnu?

- Það sem við segjum getur haft góð áhrif á aðra og glatt þá. En ýmislegt sem við segjum getur líka haft slæm áhrif á aðra og sært þá eða gert þá sorgmædda.
- Hvað getum við gert til þess að særa ekki annað fólk?
- Hvernig getum við best glatt aðra? Getum við sagt eitthvað fallett við þá?
- Hvað finnst okkur gott að heyra aðra segja um okkur?

Við getum notað munninn til þess að segja eitthvað fallett. Við getum líka notað munninn til þess að særa aðra.

Sagan um bangsabörnin tvö

Einu sinni voru tvö bangsabörn. Það var bangsastelpan og bangsastrákurinn. Dag nokkurn sagði bangsamamma við þau: Nú getið þið farið í búðina fyrir mig, því þið eruð orðin svo stór.

Bangsastelpan og bangsastrákurinn urðu himinlifandi glöð. Þau höfðu aldrei fyrr mátt fara alein í búðina í skóginum. Bangsamamma fékk þeim pening og sagði þeim að kaupa þrjár krukur af hunangi.

– Gætið ykkar bara á rebbanum. Hann gæti reynt að plata ykkur til að gefa sér af hunanginu.

Bangsabörnin lofuðu að gæta sín á rebbanum, svo lögðu þau af stað.

Ferðin gekk vel. Loks voru þau komin að búðinni í skóginum. Þau gengu inn. Þar fékkst ýmiss konar varningur og allar stærðir og gerðir af hunangskrukum. Bangsabörnin réttu afgreiðslubangsnum peninginn og fengu í staðinn þrjár hunangskrukur. Þau settu krukurnar í körfuna sína og héldu heim á leið. Á leiðinni mættu þau rebba.

- Hvað eruð þið með í körfunni? spurði rebbi.
- Við erum með hunangskrukur, sögðu bangsabörnin.
- Mmmm, er það? sagði rebbi smeðjulegur í röddinni.
- Hvar fenguð þið hunangskrukur? spurði hann.
- Í búðinni, svörðuðu bangsabörnin.

- Einmitt það já, sagði rebbi og virtist hugsí.
- Hvað eru þetta margar krukur? spurði rebbi.
- Þær eru þrjár, sögðu bangsabörnin.
- Hvað hafa tvö bangsabörn að gera með þrjár hunangskrukur. Varla getið þið tvö borðað úr þremur krukum. Þið hljótið að fara að rífast um þriðju krukuna. Er ekki best að þið skiptið hunangskrukkunum jafnt á milli ykkar? Bangsabörnin litu hvort á annað. Þau settust á gangstíginn og tóku krukkurnar upp úr körfunni.
- Þú færð eina, sagði bangsastrákurinn og rétti systur sinni eina krukku. Og ég fæ eina, sagði hann og setti aðra krukku í kjöltu sína.
- En hvernig eigum við að skipta þriðju krukkunni á milli okkar?

Nú voru góð ráð dýr. Ekki gátu þau bæði borðað úr einni hunangskrukku í einu. Og ekki gátu þau skorið krukuna í tvennt, því þá færi hunangið út um allt.

- Ætli það sé ekki best að þið látið mig fá þessa krukku, sagði rebbi með stóra munninum sínum sem var farinn að slefa af græðgi.
 - Jú, ætli það sé ekki best, sögðu bangsabörnin hikandi og réttu rebbu hunangskrukkuna.
- Svo gengu þau heim á leið með tvær hunangskrukur í körfunni. Þegar þau komu heim réttu þau bangsamömmu körfuna. Mamma taldi krukkurnar:
- Ein ... tvær ... hvar er þriðja krukkun?
 - Rebbi fékk hana, sögðu bangsabörnin og voru svolítið skömmustuleg á svip.
 - Af hverju fékk rebbi krukuna? spurði mamma og setti í brýrnar.
 - Af því að við hefðum annars lent í vandræðum með að skipta þriðju krukkunni jafnt á milli okkar.
 - Bull og vitleysa, sagði mamma. Nú hafið þið aldeilis látið rebbu gabba ykkur.

Umræður og stærðfræðiverkefni með sögunni

- Hvernig gabbaði rebbi bangsabörnin?
- Hvernig geta tvö bangsabörn skipt hunangi úr þremur krukum jafnt á milli sín?


Börnin eiga að teikna mynd af bangsabörnunum og rebbu og þremur hunangskrukum sem þau eiga að skipta jafnt á milli bangsabarnanna. Rebbi má ekki fá neitt.

Um munninn

Það er gott að kunna að tala og segja ýmsa hluti. Sumt sem við segjum er mjög gott og skemmtilegt. Við getum sagt skemmtisögur, brandara, lesið upp, hrósað öðrum. Það gerum við með munninum. Stundum ráðum við ekki alveg nógu vel við okkur og út um munninn sleppa orð sem við ætluðum alls ekki að segja. Orðin okkar geta haft slæm áhrif á aðra. Við getum t.d. sært aðra með því að segja eitthvað ljótt um þá, eins og sjá má í kennslubókinni þar sem bangsarnir eru að tala um ljóta bangsann hennar Önnu. Við getum líka gabbað aðra með munninum eins og rebbi gerði í sögunni um bangsabörnin.

Orðaforði

Særa, gleðja, rífa niður, byggja upp.



Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur

Rýmisgreind: Teikning með sögunni um bangsabörnin. Myndir í kennslubók skoðaðar.

Málgreind: Hlustun, umræður, orðaforði.

Samskiptagreind: Bangsaleikur. Vangaveltur um orð og ábyrgð.

Sjálfspekkingargreind: Það skiptir máli hvað við segjum við aðra.

Tónlistargreind: Bangsaleikur. Hlustun í upphafi tímans.

Rök- og stærðfræðigreind: Verkefni með sögunni um bangsabörnin.

Kennslustund 7

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Að kunna að gefa. Að kunna að sætta sig við að geta ekki fengið allt sem maður vill.

Nemendahefti bls. 4

Kennarinn les vísuna um hænuna og hundinn á bls. 4 í nemendahefti með börnunum. Þetta er svolítið fyndin vísa. Hundurinn var hrifinn af stéli hænunnar og hænán hrifin af skotti hundsins svo þau ákváðu að skipta. Þetta er náttúrlega ekki hægt í alvörunni.

Stundum langar okkur að eiga eitthvað sem aðrir eiga, eða hafa eitthvað sem aðrir eru með. Það er ekki alltaf hægt. Hvað getum við gert þá? Þá er best að kunna að sætta sig við það sem við getum ekki breytt.

Saga með umræðupunktum

Sjampóflaskan

Einu sinni var stelpa sem hét Gunna. Vinkona hennar hafði boðið henni í afmælið sitt. Gunna fór með mömmu sinni út í búð til þess að kaupa afmælisgjöf. Gunna kom fljótt auga á mjög óvenjulega afmælisgjöf. Þetta var sjampóflaska. Í henni var fjólublátt sjampó og í staðinn fyrir tappa var dúkkuhaus með fallegt ljóst hár.

– Við skulum kaupa þetta, sagði Gunna sigri hrósandi.

Þær keyptu sjampóflöskuna og fóru svo heim. Þegar heim var komið tók Gunna sjampóflöskuna upp úr pokanum. Það var ekki búið að pakka henni inn svo Gunna gat skoðað hana vel.

Kannski ég greiði á henni hárið, hugsaði Gunna með sér og sótti litla dúkkugreiðu. Gunna greiddi dúkkuhausnum og dáðist að þessari undarlegu sjampóflösku. Hún var svo falleg og svo ilmaði hún líka svo vel. Kannski ætti hún ekkert að gefa vinkonu sinni sjampóflöskuna í afmælisgjöf. Kannski ætti hún bara að eiga hana sjálf.


Gunna hljóp til mömmu sinnar og sagði við hana:

– Mamma ég held að við ættum að finna eitthvað annað til þess að gefa vinkonu minni í afmælisgjöf. Ég á t.d. gamla barbídúkku sem ég er alveg hætt að nota. Getum við ekki bara gefið henni barbídúkkuna? Ég tími alveg að gefa hana en ég tími ekki alveg að gefa þessa sjampóflösku.

Gunna hélt á sjampóflöskunni í annarri hendinni en dúkkugreiðunni í hinni. Mamma horfði undrandi á Gunnu. Hún sá að Gunnu langaði mjög mikið í sjampóflöskuna og hún vissi líka að gamla barbídúkkan var ekki góð gjöf handa vinkonunni.

– Mér finnst ekki hægt að gefa vinkonu þinni gamla barbídúkku sem hún hefur oft séð. Það gefur heldur enginn gamlar barbídúkkur í afmælisgjöf, er það?

Gunna varð alveg ómöguleg. Hún var næstum því farin að gráta því hana langaði svo í sjampóflöskuna.



- Hvað finnst ykkur rétt að gera?
- Hver er besta lausnin?
- Hvað á mamman að gera?
- Hvernig er best að leysa þetta mál?

Nú höldum við áfram með söguna, svo þið getið vitað hvernig hún endaði. Það endaði með því að mamma tók sjampóflöskuna af Gunnu og bannaði henni að leika sér með hana. Svo pakkaði hún flöskunni inn í gjafapappír á meðan Gunna var í fylu inni í herbergi.

Þegar kom að því að fara í afmælið var Gunna hætt í fylunni og komin í sparifötin sín. Hana langaði mjög mikið í sjampóflöskuna og var ennþá að suða í mömmu sinni, en mamma hennar sagði að þessi sjampóflaska hafi verið keypt sérstaklega til þess að gefa vinkonunni. Það var með semingji sem Gunna rétti vinkonu sinni pakkann þegar hún kom í afmælið. Vinkonan opnaði pakkann og hvað haldið þið að hún hafi sagt þegar hún sá sjampóflöskuna?

– VÁ! Þetta er flottasta afmælisgjöf sem ég hef fengið.

Hún var svo glöð og ánægð að Gunna gleymdi alveg hvað hana sjálfa hafði langað mikið í flöskuna. Gunna var glöð yfir að hafa glatt vinkonu sína svona mikið. Hún var búin að steingleyma því að hún hafði ætlað að gefa vinkonu sinni gamla og ljóta barbídúkku. Hvernig ætli svipurinn á vinkonunni hefði verið ef Gunna hefði gert það?

Börnin búa til gjöf

Hér mætti láta börnin búa til einfalda gjöf og gjafaumbúðir. Þau eiga að ákveða hver á að fá gjöfina. Hér fyrir neðan eru nokkrar hugmyndir að gjöfum. Hver kennari verður að meta aðstæður á sínum stað hvað hentugast er að gera.

Hugmyndir að gjöfum:

- Kókoskúlur í fallegu kramarhúsi sem börnin búa sjálf til (sjá uppskrift að kókoskúlum).
- Fallegur hlutur búinn til úr trölladeigi og pakkaður inn í maskínupappír sem hefur verið myndskreyttur af barninu. Bundið með fallegri slaufu (sjá uppskrift að trölladeigi).
- Mynd máluð og búinn til rammi í kringum myndina með pappa. Búinn til gjafapappír úr maskínupappír sem barnið skreytir sjálft.
- Fara má út og finna haustlauf. Þau má líma á bókaplast og setja svo á þykkt karton. Haustlaufamyndinni má pakka inn í heimatilbúinn gjafapappír.

Trölladeig

- 500 g hveiti
- 500 g salt
- 1 msk olía
- 1 msk veggfóðurslím (duft)
- 3 dl vatn

Mótið og látið þorna á smjörpappír í u.þ.b. 12–24 klukkustundir.
Bakið á neðstu rim við 100 gráður við góðan undirhita í u.þ.b. 2 klukkustundir.
Hækkið þá hitann í 120 gráður og bakið áfram í 8–12 klukkustundir eftir þykkt og stærð myndar.

Kókoskúlur

- 2 msk smjörlíki brætt
- 1 dl flórsykur
- $\frac{1}{2}$ tsk salt
- 1 dl kókosmjöl
- 2 dl haframjöl
- 2–3 msk kakó
- 1 tsk vanilludropar

Börnin móta kúlur úr deiginu og velta þeim upp úr kókosmjöli.

Uppskriftinar má stækka. Vera má að matreiðslukennari og myndlistarkennari eigi í fórum sínum einfaldari uppskriftir.

Orðaforði

Tíma og tíma ekki. Að sætta sig við eitthvað.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Fínhyfingar æfðar í föndri. Bangsaleikur.

Rýmisgreind: Gjafir búnar til og umbúðapappír.


Málgreind: Hlustun á sögu, texti í kennslubók, umræður.

Sjálfspækingargreind: Að kunna að sætta sig við hlutina.

Samskiptagreind: Bangsaleikur, listin að gefa.

Tónlistargreind: Bangsaleikur, tónlist í upphafi kennslustundar.

Umhverfisgreind: Ef farið er út til að tína haustlauf.



Kennslustund 8

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Að hefna sín og að kunna að sættast.

Nemendahefti bls. 4

Kennarinn les leikritið um bangsana hans Dóra með börnunum. Leikritið er að finna í nemendahefti á bls. 4. Ef tími og aðstæður leyfa mætti fá tvö læs börn til þess að leika leikritið.

Umræður um leikritið

Bangsarnir voru að rifast um bíl. Rifrildið var greinilega byggt á misskilningi. Bibbi bangsi hélt að hann hafi verið á undan með bílinn en Bjösssi bangsi hélt sig hafa haft þennan bíl á undan Bibba. Bibbi og Bjösssi kunna ekki að miðla málum

- Hvað þýðir „að miðla málum“?
- Hvers vegna er ekki góð lausn að lemja?
- Hvers vegna er ekki góð lausn að hefna sín?
- Hver hefði verið besta lausnin?
- Hvernig farið þið að því að sættast við vini ykkar þegar það slettist upp á vinskapi.

Skrafa má hugmyndir barnanna um lausnir á töfluna.

Bekkjarreglurnar endurskoðaðar

Börnin og kennarinn skoða reglur bekkjarins sem gerðar voru fyrr í haust. Ræða má hvernig börnunum gengur að fara eftir reglum. Einnig má skoða hvort börnin vilji bæta við reglurnar eða taka einhverja reglu burt. Ræða má um það hvernig þeir sem brjóta reglurnar geta æft sig í því að fara eftir þeim. Æfingin skapar meistarann. Smátt og smátt verða allir flinkir í bekkjarreglum.

Verkefni – lýðræðisleg kosning – myndskreyting

Kennarinn er með geislaspilara og nokkra skemmtilega geisladiska. Bekkurinn má velja á hvaða geisladisk hlustað er. Börnin eiga að greiða atkvæði með þeim geisladiski sem þau vilja hlusta á. Síðan er gerð talning. Sá geisladiskur verður fyrir valinu sem flestir vilja hlusta á. Hinir verða að sætta sig við það að ekki var hægt að hlusta á þeirra disk. Börnin teikna mynd af sér þar sem þau eru að sættast við vin sem þau voru ósátt við og hlusta á geisladiskinn á meðan.

Orðaforði

Slettist upp á vinskapi, sættast, kunna að miðla málum, hefna sín.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur.

Rýmisgreind: Teikning, mynd í kennslubók skoðuð.


Málgreind: Texti í kennslubók lesinn og ræddur. Orðaforði.

Samskiptagreind: Lýðræðisleg kosning. Að læra að sættast.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin hugsa um leiðir til sátta.

Tónlistargreind: Tónlist í upphafi tímans. Mynd teiknuð meðan hlustað er á tónlist.

Rök- og stærðfræðigreind: Lýðræðisleg kosning, talning.



Kennslustund 9

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Að biðjast fyrirgefningar. Þessi kennslustund er framhald af umræðunni um það að kunna að sættast. Fyrirgefningin er stór hluti þess að geta sæst.

Nemendahefti bls. 5

Kennarinn skoðar myndina af bangsahrúgunni á bls. 5 í kennslubókinni með börnunum og les textann í orðabelgjunum. Auk þess skoða nemendur myndina af handabandinu þar sem einhverjir eru að sættast og segja fyrirgefðu. Börnin ræða um myndina og það sem stendur í orðabelgjunum. Stundum getum við ekkert gert að því sem við gerum öðrum. Sumt gerist óvart.

Æfing í því að segja fyrirgefðu

Börnin sitja í hring. Kennarinn tekur í höndina á barninu við hliðina á sér og segir: „fyrirgefðu“. Það barn segir „já“ en tekur svo í höndina á barninu við hliðina á og segir „fyrirgefðu“ við það og það barn svarar „já“ (Að sjálfsgöðu heilsast allir með hægri hönd).

Þegar allir hafa æft sig í því að segja fyrirgefðu útskýrir kennarinn fyrir börnunum undir hvaða kringumstæðum við segjum fyrirgefðu við aðra (sjá hér fyrir neðan). Gott væri ef börnin gætu reynt að koma með sínar útskýringar.

Umræður sem nota má eftir æfinguna í því að segja fyrirgefðu

Fyrirgefðu er besta orðið sem til er þegar við þurfum að sættast við einhvern. Fyrirgefðu er því nokkurs konar „töfraorð“. Ef einhver gerir eitthvað af sér getur hann eða hún sagt fyrirgefðu. Það þýðir reyndar ekkert að segja fyrirgefðu nema maður meini það. Sá sem við segjum fyrirgefðu við þarf líka að geta fyrirgefði.

- Hafið þið einhvern tímann sagt fyrirgefðu við einhvern?
- Hvernig brást hann/hún við?
- Hvers vegna er mikilvægt að geta sagt fyrirgefðu við aðra og meint það?
- Hvernig væri lífið ef enginn myndi nokkurn tímann biðja aðra fyrirgefningar?

Orðaforði

Að fyrirgefa og að vera fyrirgefði, hægri, vinstri.

Dans

Margir þekkja dansinn og lagið:

Komdu til mín,
komdu til mín,
komdu til mín,
vina/ur.
Farðu frá mér,
farðu frá mér,

farðu frá mér
vína/ur.
Og klappa með hægri
og klappa með vinstri
og klappa með báðum
og snúa í hring.

Tvö börn standa hvort á móti öðru og fylgja texta lagsins. Þegar sagt er klappa með hægri, klappa börnin hægri höndum saman og svo eins þegar sagt er klappa með vinstri. Leita má til danskennara ef lagið er ókunnugt kennaranum.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Dans, bangsaleikur, heilsa með hægri.


Rýmisgreind: Myndir í kennslubók skoðaðar.

Málgreind: Umræður, hlustun.

Samskiptagreind: Dans, samskipti í hringnum, æfing í að segja fyrirgefðu, umræður.

Sjálfsþekkingargreind: Æfing í að taka beiðni um fyrirgefningu.

Tónlistargreind: Dansað við lag, bangsaleikur, tónlist í upphafi kennslustundar.



Kennslustund 10

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er haldið áfram með vinnuna um fyrirgefninguna. Nú læra börnin um hvað það þýðir að fyrirgefa öðrum.

Klípusögur

Pabbi og mamma hennar Siggu voru skilin. Sigga bjó hjá mömmu sinni. Pabbi hennar Siggu lofaði að koma og sækja hana klukkan þrjú á föstudegi. Hún átti að fá að vera hjá pabba sínum alla helgina og hann hafði lofað að fara með hana í sumar-bústað. Sigga var búin að hlakka mikið til og pakka niður í tösku peysum, buxum, sokkum og hlýjum fötum og uppáhalds bangsanum sínum.

Nú sat hún við gluggann, alveg tilbúin, og beið eftir pabba sínum. Þegar hún hafði beiðið í næstum því í heilan klukkutíma hringdi síminn. Mamma hennar Siggu fór í símann. Í símanum var pabbi. Pabbi fékk að tala við Siggu. Eitthvað hafði komið upp á og hann gat ekki tekið Siggu þessa helgi. Pabbi var leiður og bað hana að fyrirgefa sér þetta.

Sigga varð öskureið. Hún hljóp inn í herbergi og skellti á eftir sér hurðinni. Mamma hennar hljóp á eftir henni. Sigga skreið undir skrifborðið sitt. Mamma skreið líka undir skrifborðið. Þær voru báðar reiðar út í pabbann.

- Af hverju lét hann mig bíða svona lengi? spurði Sigga.
En mamma hennar átti engin svör.

Til umræðu

- Hvernig líður Siggu?
- Hvers vegna er hún reið?
- Er það skiljanlegt að hún skuli vera reið?
- Á hún að fyrirgefa pabbanum?
- Af hverju? Af hverju ekki?

Sigurjón átti góðan vin sem hét Palli. Þeir áttu heima hlið við hlið. Dag nokkurn kom frændi Sigurjóns í heimsókn og Sigurjón fór að leika við hann. Þá varð Palli leiður. Honum fannst að Sigurjón og frændinn gætu vel leyft sér að leika við þá líka. Þeir voru að leika sér í garðinum hjá Sigurjóni. Palli klifraði yfir girðinguna og reyndi að blanda sér í leikinn. En þá varð Sigurjón allt í einu mjög leiðinlegur og ullaði á hann og sagði honum að fara út úr garðinum.

Palli varð mjög reiður og flýtti sér út úr garðinum. Daginn eftir kom Sigurjón og spurði eftir Palla. Palli var ennþá reiður út í Sigurjón.

Til umræðu

- Hvað á Palli að gera?
- Ætti hann að tala um þetta við Sigurjón?
- Ætti hann að fyrirgefa Sigurjóni og láta sem ekkert hafi í skorist?

Orðaforði

Að fyrirgefa og vera fyrirgefið.

Föndur – broskall og fýlukall á bolluvandarpriki

Börnin teikna tvö höfuð jafnstór (gott væri að notast við skapalón). Á annað höfuðið teikna þau brosandí andlit og á hitt höfuðið teikna þau andlit sem er leitt. Andlitin á að hefta saman og stinga priki (bolluvandarpriki) inn á milli andlitanna. Börnin geta snúið andlitinu og fengið leitt andlit eða glatt andlit.

Til athugunar

Í staðinn fyrir bolluvandarprik má búa til „prik“ með því að vefja þykkum pappír þétt saman.

Í framhaldi af föndrinu má skoða andlitin. Þegar einhver er vondur við okkur eða gerir eitthvað sem okkur líkar ekki, líður okkur illa. Við getum ekki stjórnað því hvað aðrir gera, en við getum sjálf reynt að láta okkur líða vel. Það að fyrirgefa öðrum þegar þeir gera okkur eitthvað getur hjálpað heilmikið.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Fínhreyfingar æfðar í föndri, bangsaleikur.


Rýmisgreind: Teiknuð andlit.

Málgreind: Umræður, hlustun.

Samskiptagreind: Þýðing þess að fyrirgefa öðrum. Klípusögur.

Sjálfsþekkingargreind: Föndrið, hvernig líður mér þegar aðrir gera eitthvað á hlut minn? Hvernig líður mér ef ég fyrirgef.

Tónlistargreind: Tónlist og söngur í upphafi og lok kennslustundar.



Kennslustund 11

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Til athugunar

Þessi kennslustund er það efnisrík að vel má nýta hana í fleiri kennslustundir. Það er ekki nauðsynlegt að nýta alla efnisþættina. Hér er eingöngu um tillögur að ræða.

Áhersluatriði

Börnin velta fyrir sér hvernig góðir vinir eru og hvað það er að vera góður vinur. Hér fyrir neðan er lýsing á nokkrum hugmyndum sem hægt væri að nota í vináttuvinnunni.

Nemendahefti bls. 6

Kennarinn les og ræðir textann í kennsluheftinu um Bellu og Drösla með börnunum og ræðir við þau um myndirnar.

Umræður um textann

Ræðið textann í kennslubókinni.

- Hvers vegna er stelpum og stráku stundum strítt ef þau eru góðir vinir?
- Þurfa stelpur og strákar endilega að vera kærustupör ef þau leika sér saman?
- Mega stelpur og strákar í ykkar bekk vera vinir, án þess að vera strítt?
- Haldið þið að Bella og Dröslu séu kærustupar?

Málað við vináttulög

Á plötunni Bibbedíbabbedí bú er að finna lög um vini: „Við eigum hvor annan að“ og „Ég er vinur þinn“. Þessi lög eða einhver önnur sem tiltæk eru og fjalla um vináttuna má nota í verkefni um vináttu. Lögin eru sett á geislaspilarann og börnin fá pensla og málningu og eiga að mála vináttumyndir (eða myndir við texta laganna). Vel mætti láta tvö og tvö vinna saman að einni mynd. Það æfir samvinnu og umburðarlyndi, en þetta tvennt eru mjög góðir eiginleikar þegar rækta þarf vináttubönd.

Vinabönd

Börnin setja á stofn verksmiðju. Þetta er verksmiðja sem framleiðir vinabönd. Mjög margir kunna að gera þessi bönd og ef kennarinn hefur ekki kunnáttuna getur hann leitað til samkennara sinna eða eldri nemenda til að læra listina. Vel er hægt að kenna börnunum að flétta vinaböndin á sama hátt og hár er fléttað. Til þess að gera vinaböndin þykkari mætti nota t.d. þrjá garnþræði í hverjum lit. Fyrir þá sem eiga erfitt með að læra að flétta er nóg að gera snúning með böndunum (vefja upp á böndin).

Þegar tímanum er að ljúka mætti telja hve mörg vinabönd börnin hafa framleitt. Það verkefni mætti útfæra nánar ef tími vinnst til og flokka vináttuböndin eftir gerðum, lit og stærðum og skrá það á súlurit.

Allir í þessum bekk eru vinir hvers annars og sem merki um það hafa allir a.m.k. eitt vinaband um úlnliðinn, líka kennarinn.

Viðtöl

Börnin taka viðtöl hvort við annað. Fæst ráða þau þó við að skrá viðtölin niður. Þau geta talað saman tvö og tvö. Ef aðstæður eru til mætti taka viðtölin upp á kassettu-tæki eða á myndband. Spurningin sem þau spyrja hvort annað: Hvernig vinur ert þú?

Æfð setning – heimaverkefni

Börnin eiga að finna setningu sem þau segja í skólanum fyrir framan allan bekkinn. Hér væri gott að njóta aðstoðar foreldra heima. Setningin á að segja hvernig þeim finnst að góður vinur eigi að vera.

Vel mætti taka hvert barn upp á myndband og sýna það síðar. Einnig mætti láta börnin koma upp í púlt og flytja setninguna sína.

Orðaforði

Vínátta, sannur vinur, góður vinur.

Söngur – þula

Pumalfingur er mamman (Sjá textann í söngvalista framarlega í kennsluleiðbeiningum).

Undirbúningur fyrir næstu kennslustund

Börnin mega koma með uppáhaldsbangsann eða tuskudýrið sitt með sér í skólann í næsta lífsleiknitíma og segja frá bangsanum sínum, t.d. hvað bangsinn heitir, hvenær þau fengu hann og e.t.v. hver gaf þeim hann og hvar hann sefur venjulega. Þetta má einnig geyma þar til síðar.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Fínhyringar þjálfaðar við gerð vinabanda.

Rýmisgreind: Vínáttumyndir málaðar, myndir í kennslubók skoðaðar.


Málgreind: Umræður, viðtöl.

Samskiptagreind: Samvinna við málun myndar, samvinna í framleiðslu vinabanda.

Sjálfsþekkingargreind: Spurningunni „hvernig á góður vinur að vera?“ velt fyrir sér og hvernig vinur einstaklingurinn sjálfur er.

Tónlistargreind: Mynd máluð eftir tónlist, bangsaleikur, söngur.

Rök- og stærðfræðigreind: Vinabönd flokkuð.



Kennslustund 12

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund höldum við áfram vinnunni um vini og fjöllum líka um tilfinningar. Góður vinur tekur eftir því hvernig vini hans líður og hjálpar vini í vanda. Til þess að geta gert það þarf góður vinur að vera flinkur í því að fylgjast með vini sínum og vera duglegur að setja sig í spor vinarins – horfa og hlusta.

Til athugunar

Þessi kennslustund er það efnisrík að vel mætti nýta hana í fleiri kennslustundir.

Nemendahefti bls. 6

Kennarinn les frásögnina um Bellu og Drösla sem eru góðir vinir á bls. 6 í nemendahefti. Bellu og Drösla þykir vænt hvoru um annað. Bellu þykir vænt um Drösla þótt hann sé ekki fullkominn og Drösla þykir vænt um Bellu þótt hún sé ekki fullkomin. Ljóðið „Sorg Grétu“ er lesið og myndin skoðuð.

Umræður

- Hvað er að vera fullkominn?
- Er til fólk sem er fullkomið?

Allir hafa sína galla en eru ágætir fyrir það.

- Um hvað er ljóðið?
- Hvað er sorg? (Tilfinning)
- Getið þið nefnt fleiri tilfinningar?
- Hvað er strákurinn á myndinni að gera? (Hugga Grétu eins og góðir vinir gera.)

Klípusögur – að setja sig í spor annarra

Didda bangsastelpa var í leikskóla. Hún var komin í skólahóp og fannst hún vera orðin mjög stór. Henni fannst mjög gaman í bangsaleikskólanum. Í hópnum hennar var önnur bangsastelpa sem var miklu stærri en hinar litlu bangsastelpurnar. En svona eru bangsar misjafnir, þótt þeir séu jafngamlir þá eru sumir litlir, aðrir stórir, einhverjir feitir og einhverjir mjóir. Didda vildi ekki leika við stóru bangsastelpuna af því hún var svo stór.

- Hvernig liði ykkur ef þið væruð stóra bangsastelpan?

Bjössi bangsi er stundum svolítið óþekkur í skólanum. Hann á erfitt með að sitja kyrr og stundum á hann erfitt með að hlýða kennaranum sínum. Þegar hann er úti í frímínútum á hann það til að stríða hinum strákunum. Það finnst hinum bangsastrákunum leiðinlegt. Þeir leyfa honum ekki að vera með í fótbolta, því þeir segja að hann skemmi alltaf allt fyrir þeim.

- Hvernig liði ykkur ef þið væruð Bjössi bangsi?
- Hvað mynduð þið gera til þess að laga hlutina?
- Hvað geta hinir bangsastrákarnir gert til þess að Bjössa líði betur?

Farið í fótbolta

Ef veðrið er gott mætti fara með bekkinn út í fótbolta. Allir geta verið með, líka þeir sem kunna ekkert í fótbolta, því þeir sem kunna fótbolta geta þá verið svo góðir að kenna hinum sem kunna ekkert í fótbolta. Leggið áherslu á þolinmæði og hjálpsemi. Fáid börnin til þess að líta á þennan fótboltaleik sem æfingaleik fyrir þá sem kunna ekki mikið í fótbolta. Segið setningu eins og æfingin skapar meistarann. Hvísið að þeim atkvæðamestu í leiknum að hrósa hinum sem minna geta fyrir frammistöðuna og hvetja þá til dáða. Hrósið nemendum fyrir að vera duglegir að hvetja hver annan og hrósa hver öðrum.

Föt á stól – að setja sig í spor annarra

Kennarinn raðar fötum á tvo stóla, á þann hátt að það er eins og einhverir sitji í stólunum. Mikilvægt er að fötin séu af 6 ára barni. Annað þyrfti að líta út fyrir að vera stelpa og hitt strákur. Ef kennarinn er í vandræðum með að finna föt mætti athuga óskilamunina. Nóg gæti verið að setja úlpu og skó eða peysu á stólinn. Stólunum er stillt upp þannig að þeir sjáist vel alls staðar úr skólastofunni. Kennarinn kynnir þessa „nýju nemendur“ fyrir bekknum.

Strákurinn

Þessi strákur lenti í slysi og þurfti að fara á spítala og vera þar í margar vikur. Fyrst voru krakkarnir í bekknum duglegir að heimsækja hann, en svo hættu þeir að nenna því.

- Hvað haldið þið að stráknum finnist um það?

Þegar hann kom aftur í skólann eftir spítalavistina var hann enn ekki búinn að jafna sig eftir slysið. Hann átti erfitt með að ganga og hlaupa. Þess vegna gat hann alls ekki tekið þátt í leikjum í frímínútum, hvað þá verið með í fótboltanum.

- Hvað haldið þið að honum finnist um það?
- Haldið þið að hinir strákarnir hafi tekið eftir því að hann getur ekki verið með þeim í leikjunum?
- Hvað geta strákarnir í bekknum gert til þess að honum líði samt vel í frímínútunum og finnist hann ekki vera út undan?

Stelpan

Þessi stelpa á margar vinkonur í bekknum. Stelpurnar í bekknum hafa mjög gaman af því að fara í leiktækin á skólalóðinni. Sérstaklega finnst þeim gaman í rólunni sem þær keppast við að ná þegar þær hlaupa út í frímínúturnar. Þessi stelpa er frekar róleg og hún hleypur ekki hratt. Hún nær rólunni því aldrei. Hana langar til þess að prófa róluna en henni hefur aldrei gefist tækifæri til þess.

- Hvað haldið þið að henni finnist um það?
- Haldið þið að hinar stelpurnar hafi tekið eftir því að hún nær aldrei rólunni?
- Hvernig geta stelpurnar vitað hverjir hafa prófað róluna og hverjir ekki?
- Getu þær gert eitthvað til þess að hjálpa stelpunni að fá að prófa róluna öðru hvoru?

Til þess að vinum okkar líði vel þurfum við að opna augun og eyrun, fylgjast með og taka eftir. Vinir þurfa líka að geta sett sig í spor annarra, það þýðir að skilja hvernig öðrum líður t.d. ef þeir fá ekki að vera með. Góðir vinir passa vel upp á vini sína.

Kennslustund 13

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund hugsa börnin um fjölskyldur og hvernig þær geta verið með ólíku sniði og hvað þær eiga sameiginlegt.

Nemendahefti bls. 7

Kennarinn les og skoðar blaðsíðu 7 í nemendahefti með börnunum og ræðir innihald hennar við þau (Sjá tillögur hér fyrir neðan).

Verkefni út frá bls. 7

Vísan um konuna sem átti heima í skó með öll sín börn er lesin fyrir börnin. Börnin eiga að teikna eins mörg börn og þau geta, klippa þau út og líma á sameiginlegt karton. Einhver þarf að teikna skóinn og konuna. Vel mætti gefa hugmyndafluginu lausan tauminn um innréttingar og herbergisskipan í skónum. Fjölskyldur geta verið ólíkar en þær eru fjölskyldur fyrir það.

Fjölskyldukönnun

Hvað búa margir á þínu heimili? Börnin gera könnun í bekknum. Þau eiga að teikna mynd af sjálfum sér með öllum sem þau búa með.

- Kennarinn teiknar „Óla prik“ fyrir hvern fjölskyldumeðlim og býr til reiti á karton.
- Vinstra megin efst eru tveir „Ólar prik“.
- Fyrir neðan þrír „Ólar prik“.
- Svo fjórir og alveg upp í stærstu fjölskyldu bekkjarins.


Kennarinn tekur saman allar myndir barnanna og skoðar og sýnir hverja þeirra og telur hve margar persónur eru á hverri mynd og merkir prik inn á kartonið í viðeigandi reit. Á þennan hátt geta börnin fylgst með og tekið þátt í því að útbúa einfalt súlurit. Finnið út með börnunum hvaða fjölskyldustærð er algengust í bekknum.

Fjölskyldur geta verið mjög ólíkar. Fáíð börnin til þess að finna út hvað fjölskyldur eiga sameiginlegt. Það mætti einnig skrá það á línuritið.

Verkefnið má einnig útfæra öðruvísi. Í stað þess að telja fjölskyldumeðlimi geta börnin sagt hvað þau eiga mörg systkini og má þá telja alla með; alsystkini, hálsystkini og stjúpsystkini.

Orðaforði

Fjölskylda, líkar, ólíkar, sameiginlegt, fámennar, fjölmennar, alsystkini, stjúpsystkini, hálsystkini.



Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur, fínhreyfingar æfðar í klippiverkefni.

Rýmisgreind: Teikningar, myndir í kennslubók skoðaðar.

Málgreind: Umræður.

Samskiptagreind: Vangaveltur um mismunandi fjölskyldur, samvinnuteikniverkefni.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Könnun á fjölskyldustærð.

Kennslustund 14

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er rætt um heimilisstörfin og sameiginlega ábyrgð allra á heimilinu að sinna þeim. Markmiðið er að vekja börnin til umhugsunar um að þau beri líka nokkra ábyrgð og þótt þau séu ennþá lítil geti þau gert margt.

Verkefni – heimilisstörfin

Kennarinn kemur með eldhúshöld og hreinlætisvörur í kennslustundina (s.s. uppþvottabursta, tuskur, uppþvottalög, diska, hnífapör, glös, potta, sleifar, bökunarform, sóp eða kúst, skúringafötu, gólftusku og fleira sem honum dettur í hug eða hefur tök á að koma með). Kennarinn sýnir börnunum hvern hlut fyrir sig og spyr þau hvar þessi tiltekni hlutur sé helst notaður og þá til hvers og hvernig megi nota hlutinn. Síðan eru börnin spurð hver eða hverjir noti hlutinn mest á þeirra heimili. Ef kennarinn kemur með marga hluti mætti fá börnin til þess að flokka þá niður í hluti sem notaðir eru til eldamennsku, baksturs, til að þrifa, borða o.s.frv. Hér mætti einnig ræða um samábyrgð allra á heimilinu.

Hópvinnna – heimilisverkin

Efni og áhöld: Hver hópur fær karton, skæri, liti og límstifti.

Skiptið bekknum í nokkra fjögurra manna hópa. Hver hópur á að rifja upp hvaða hlutir eru notaðir á heimilinu (til heimilisverka).

Börnin mega skrifa orðin niður á miða ef þau geta það, eða teikna hlutinn.

Myndirnar eða orðin mega ekki taka of mikið pláss. Hver hópur fær sitt karton þar sem þau líma myndirnar og orðin inn á. Síðan eiga þau að telja hve mörgum hlutum þau mundu eftir og skrifa töluna á kartonið.

Einn hópurinn fær karton sem á stendur „eldhús“ og eiga börnin að líma myndirnar sínar á það. Þar sem eldhúsið er sennilega það rými á heimilinu sem flest gerist á, mætti vel láta tvo hópa sjá um að rifja upp áhöld í eldhúsinu.

Á öðru kartoni stendur „baðherbergi“. Börnin í þeim hópi þurfa að muna eftir hreinlætistækjunum þar og hvað notað er til þess að þrifa þar inni, s.s. rúðuúði, tuska, baðbursti, sápa, kústur, klósettbursti, klósettsápa o.fl.

Einn hópurinn getur rifjað upp hvað notað er til þess að þrifa stofuna. Til dæmis kústur, skúringafata, ryksuga, tuska, rúðuúði, og ekki má gleyma að vökva blómin.

Síðan getur einn hópur tekið þvottahúsið fyrir. Þar er þvottavél, þurrkari, snúrur, straujárn, óhreinn og hreinn þvottur. Ræða má um hvað gera á við hreina og þurra þvottinn. Svo þarf að þrifa þvottahúsið öðru hvoru.

Svefnherbergi. Sá hópur þarf að muna eftir því hvaða áhöld eru notuð til þess að þrifa þar inni. Ekki gleyma að búa um rúmin og raða í skápana.



Barnaherbergi. Sá hópur þarf að muna eftir því hvaða áhöld eru notuð til þess að þrifa þar inni. Ekki gleyma að búa um rúmin, raða í skápana og taka leikföngin og bækurnar til.

Umræður

Að verkefninu loknu sýna hóparnir afrakstur vinnu sinnar í heimakróki. Þar má ræða um það hver sjái aðallega um heimilisstörfin á heimilinu. Spyrja má hvort einhverjir aðrir hjálpi til. Að lokum eru börnin spurð hvað þeim þætti skemmtilegast að fá að gera af heimilisstörfunum og hvað þau sjálf fái að gera eða geri til þess að hjálpa til.

Heimilisstörfin eru ekki einkamál mömmunnar eða pabbans. Allir sem á heimilinu búa eiga að hjálpast að. Eitt af því besta sem hægt er að gera á heimili er að ganga vel um. Setja alltaf allt á sinn stað. Hvað eigum við að gera við diskinn þegar við erum búin að borða? Taka hann af matarborðinu og setja hann í vaskinn. Það munar um það. Sex ára börn geta alveg búið um rúmið sitt, lagað til í dótinu sínu og sett allt á sinn stað. Hengt upp úlpuna sína og raðað skónum. Gengið frá skóladótinu í töskuna o.s.frv. Þau geta sópað og jafnvel þurrkað af.

Orðaforði

Nöfn á ýmsum heimilistækjum og því sem notað er til þess að þrifa, elda, baka o.s.frv.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Fínhyfingar með því að klippa út og líma á karton, bangsaleikur.

Rýmisgreind: Teikningar.

Málgreind: Umræður.

Samskiptagreind: Hópavinna, vangaveltur um sameiginlega ábyrgð á heimili.

Sjálfsþekkingargreind: Hvað get ég gert til þess að hjálpa til heima hjá mér?

Tónlistargreind: Bangsaleikur, tónlist í upphafi kennslustundar.

Rök- og stærðfræðigreind: Flokkun á ýmsu til heimilisnota.

Kennslustund 15

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er haldið áfram með umræðuna um hegðun. Og nú er áherslan lögð á góða hegðun.

Nemendahefti bls. 8

Kennarinn les textann á bls. 8. með börnunum, hann síðan ræddur og myndirnar skoðar.

Umræður um efni bls. 8

Sem betur fer kunna flest börn að haga sér vel. Það eru engin börn alsæl. Öll börn geta lært að haga sér vel.


- Hvað er góð hegðun?
- Hvað gera börn sem haga sér vel?
- Hvernig á maður t.d. að haga sér í skólanum?
- En úti í frímínútum?
- En hvernig á maður að haga sér heima?
- Hvers vegna haga börn sér stundum illa?
- Hvers vegna haga börn sér oft vel?

Öll börn eru góð en geta hegðað sér illa stundum.

Æfing í góðri hegðun

Kennarinn fer með börnin í vettvangsferð t.d. á bókasafnið, á kennarastofuna eða í nærliggjandi leikskóla, elliheimili, kirkju, skógrækt, sveitabæ eða ferð með strætisvagni. Að sjálfsgöðu þarf þetta að gerast í samstarfi við gestgjafana. Börnin eru látin vita áður en lagt er af stað að þetta sé æfingaferð í góðri hegðun. Þau skuli því vanda sig og vera kurteis og trúð. Minnið börnin á að hver passar sig. Þau eiga ekki að klaga slæma hegðun einhvers annars. Ákveða þarf eftir aðstæðum hvað börnin eru látin gera á staðnum sem þau heimsækja. Hugsanlega mætti láta þau syngja fyrir fólkið eða hlusta á sögu.

Þegar ferðinni er lokið getur kennarinn hrósað börnunum fyrir það hve stillt þau voru. Gera má ráð fyrir því að flest ef ekki öll börnin hafi getað setið á strák sínum. Alltaf eru einhverjir sem fyrirfram er vitað að munu ekki eiga auðvelt með hegðun. Til þess að þau börn haldi líka virðingu sinni, ætti kennarinn að hafa þau í sérstakri gæslu og jafnvel leiða þau sér við hönd eða gera aðrar ráðstafanir. Ef einhver hefur ekki hagað sér vel í ferðinni má segja hinum börnunum sem gætu tekið því illa, að þetta barn eigi eftir að æfa sig betur í þessu og það gangi bara betur næst. Mikilvægt er að öll börnin fái þau skilaboð að „öll börn séu góð og geti hagað sér vel“. Mikilvægt er að hegðunarkennsla af þessu tagi sé á jákvæðum og uppörvandi nótum þar sem áhersla er lögð á athygli fyrir jákvæða hegðun en ekki athygli út á neikvæða hegðun.



Orðaforði

Góð hegðun, haga sér vel, vera stílt/ur, kurteisi, kunna að haga sér, hegðun.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Vettvangsferð ef farið er gangandi.

Rýmisgreind: Myndir í kennslubók.

Málgreind: Umræður, hlustun, orðaforði.

Samskiptagreind: Að kunna að haga sér.

Sjálfsþekkingargreind: Hvert barn passar sig.

Tónlistargreind: Bangsaleikur, söngur ef sungið er í vettvangsferðinni, tónlist í upphafi kennslustundar.

Umhverfisgreind: Sé sveitabær eða skógrækt heimsótt.

Kennslustund 16

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræða börnin um slæma hegðun. Sjónum er beint að óþekkt og illri framkomu.

Emil í Kattholti

Emil í Kattholti er frægur óþekktarormur. Lesa má söguna um hann fyrir börnin. Einnig má spyrja þau hvort eitthvert þeirra hafi horft á myndina um Emil á myndbandi.

Umræður um Emil í Kattholti

- Emil er ekki alltaf þægur, en er hann slæmur strákur?
- Hvað gerir pabbi hans þegar Emil hefur gert eitthvað af sér?
- Hvað er að hegða sér illa?

Það getur komið fyrir bestu börn að hegða sér stundum illa.

- Hvað segja pabbi eða mamma við börnin sín þegar þau gera það?

Sum börn eiga erfitt með að haga sér vel.

- Hvað geta þau gert til þess að bæta sig?

Orðaforði

Haga sér vel, haga sér illa, bæta sig.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur.


Rýmisgreind: Myndbandssýning.

Málgreind: Umræður, hlustun.

Samskiptagreind: Hlustun í umræðum.

Sjálfsþekkingargreind: Vangaveltur um það hvernig maður getur bætt hegðun sína.

Tónlistargreind: Bangsaleikur, tónlist í upphafi kennslustundar.



Kennslustund 17

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er rætt um það hvernig börnunum líður í skólanum.

Umræður

- Af hverju líður ekki öllum börnum vel í skólanum?
- Er eitthvað sem börnin í þessum bekk geta gert til þess að hjálpa þeim sem líður illa í skólanum?

Orðaforði

Líðan, tillitssemi, hjálpsemi.

Leikur

Límið maskínupappír á gólfíð í kennslustofunni. Gott er að líma plast í kringum maskínupappírinn til þess að hlífa gólfinu. Á plastið skal setja nokkra pensla og þekju-liti í litabakka. Ekki má gleyma vatni til að skola penslana. Setjið geisladisk í geislaspil-arann. Hér má nota nánast hvaða barnalag sem er en ekki væri verra ef lagið væri myndrænt og með skírskotun til vináttu eða skólans. Börnin eru látin sitja í hring í kringum maskínupappírinn og alls ekki of nálægt. Börnin fá púða, eða bolta. Þau láta púðann eða boltann ganga á milli sín meðan lagið er spilað. Kennarinn stoppar öðru hvoru lagið og á þá það barn sem á púðanum eða boltanum heldur að standa upp og mála svoltið af myndinni. Myndin á að vera um það sama og lagið fjallar. Barnið fær örstutta stund til að mála og þegar tónlistin byrjar aftur þarf það að setjast í sætið sitt og púðinn er aftur látinn ganga. Kennarinn gætir þess að öll börnin fái að mála sinn hluta af myndinni. Þegar kennslustundinni lýkur er myndin tilbúin. Myndina má hengja upp í skólastofunni sem sameiginlegt listaverk bekkjarins.

Markmiðið með verkefninu er að sameina allan bekkinn í einu verkefni. Það reynir á tillitssemi. Auk þess sem verkefnið reynir svoltið á þolrif barnanna sem bíða eftir að fá að mála og hlýðni, t.d. þegar hætta á að mála og leyfa næsta að taka við.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Púðaleikur.

Rýmisgreind: Sameiginleg mynd bekkjarins máluð.

Málgreind: Umræður, hlustun.

Samskiptagreind: Púðaleikur og sameiginlegt listaverk bekkjarins.

Sjálfsþekkingargreind: Hvað get ég gert til þess að hjálpa þeim sem ekki líður nógu vel í skólanum?

Tónlistargreind: Púðaleikur, bangsaleikur.

Kennslustund 18

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er haldið áfram að ræða um líðan barnanna í skólanum. En að þessu sinni einbeita börnin sér að því sem gerist í frímínútum.

Nemendahefti bls. 9

Kennarinn les og skoðar myndirnar með börnunum á blaðsíðu 9 í nemendahefti og ræðir textann við börnin.

Umræður um bls. 9

- Hvernig getum við í þessum bekk komið í veg fyrir að einhver sé hræddur úti í frímínútum?
- Hvernig getum við í þessum bekk passað upp á að enginn sé hafður út undan í frímínútum?

Orðaforði

Koma í veg fyrir, passa upp á, tillitssemi.

Útileikir

Ef veðrið er gott mætti fara með bekkinn út í leiki. Það þarf að kenna börnum útileiki því ekki er víst að þau kunni leiki eins og „hlaupa í skarðið,“ „köttur og mús,“ „einn, tveir, þrír, fjórir, fimm,“ „eitur í flösku“ o.s.frv. Ef allt er á kafi í snjó gætu kennarinn og bekkurinn hjálpast að við að gera snjóhús úr eintómum snjókúlum. Allir eiga að gera snjóbolta og úr þeim er hægt að hlaða vegg. Þegar tímanum er lokið er ekki víst að snjóhúsið sé klárt. En telja mætti hve marga snjóbolta bekknum hefur tekist að gera og hlaða.


Leirverkefni

Ef ekki viðrar til útileikja mætti láta börnin leira skólalóð. Öll börnin fá leir og eitt borð er tekið undir „skólalóðina“. Börnin leira leiktæki og börn að leika sér í ýmsum leikjum. Í kringum slíkt verkefni geta skapast lífflegar umræður. Að sjálfsgöðu má nota annan efnivið en leir.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.



Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Útileikir, snjóhúsagerð, leiraður leikvöllur.

Rýmisgreind: Leirvinna, myndir í kennslubók.

Málgreind: Umræður, orðaforði, hlustun.

Samskiptagreind: Sameiginleg verkefni, leikir, snjóhús, leiraður leikvöllur.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Snjóboltar taldir.

Kennslustund 19

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um stríðni.

Nemendahefti bls. 10

Kennarinn skoðar bls. 10 í nemendahefti með börnunum, þ.e.a.s. ljóðið og textann um stríðni en geymir restina af síðunni (út undan) þar til í næstu kennslustund.

Umræður

- Hvað er stríðni?
- Hvers vegna stríða krakkar öðrum krökkum?
- Hvað er hægt að gera til að stöðva stríðni?
- Hvernig er helst strítt í ykkar bekk?
- Hvað er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir stríðni?

Orðaforði

Stríðni.

Verkefni – steinn látinn ganga

Börnin setjast í heimakrók. Steinn er látinn ganga á milli barnanna. Sá sem heldur á steininum á að tala. Hinir eiga að hlusta á meðan. Sá sem heldur á steininum á að segja: Ég vil ekki láta stríða mér af því að ... (barnið lýkur setningunni – það er allt í lagi þótt margir segi það sama). Vel má láta steinninn ganga annan hring en þá segir sá sem á steininum heldur: Ég ætla ekki að stríða öðrum af því að ... (barnið á að ljúka setningunni – það er allt í lagi þótt margir segi það sama).

Teikniverkefni

Börnin teikna sjálfsmynd. Á blaðið sem barnið teiknar á má vera skrifað: Ég ætla ekki að stríða öðrum. Börnin spora ofan í stafina. Myndina má setja í safnmöppu.


Leikur – hvar ertu Jakob?

Það er eitt að stríða og annað að gantast. Nú bregðum við á leik. Rýmið stofuna þannig að gott gólfpláss myndist. Börnin eiga að sitja í hring meðfram veggjum eða borðum. Tvö börn „eru hann“. Bundið er fyrir augu þeirra beggja með treflum. Annað barnið fær lyklakippu. Það er Jakob. Hitt barnið á að reyna að finna Jakob og handsama hann. Það spyr: Hvar ertu Jakob? Hitt barnið svarar með því að hringla í lyklakippunni.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.



Til kennarans

Að kunna að taka stríðni – samskiptajálfun í frímínútum

Það er mikilvægt að kunna að taka stríðni. Sá sem ekki kann að taka stríðni er líklegri til þess að verða skemmtilegt skotmark. Kennið börnunum að „slá vopnin úr höndum stríðnistóla“. Ofvirk börn eru einstaklega viðkvæm fyrir stríðni. Þau oftúlka jafnvel ef einhver rekst á það, sem stríðni eða árás. Kenna þarf þeim börnum sérstaklega hvernig þau geta tekið stríðni.

Gefa þarf börnunum ráð sem virka gegn stríðni. Þau verða að æfa sig í því að nota þessar lausnir og það getur tekið svolítinn tíma. Þeir sem eiga erfitt með að þola stríðni geta valið sér setningar til að segja alltaf þegar þeim er strítt. Einn strákur valdi að segja alltaf „Noj, noj, noj“ þegar honum var strítt. Annar valdi: „Ég vissi það ekki“ (Skrefi á undan bls. 79). Það er betra að eiga sér einhverja frasa til að segja þegar einhver stríðir manni, en að brjálást, fara að gráta eða slást.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Leikur. Bangsaleikur.

Rýmisgreind: Sjálfsmynd. Myndir í kennslubók.

Málgreind: Umræður. Tjáning í heimakrók.

Samskiptagreind: Að vinna gegn stríðni.

Sjálfsþekkingargreind: Að finna leiðir til þess að þola stríðni.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Kennslustund 20

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um vandamál sem mörg börn kannast við, það er að vera hafður út undan. Sum börn eru alltaf höfð út undan, en flest börn lenda einhvern tímann í því.

Nemendahefti bls. 10

Kennarinn skoðar bls. 10 í nemendahefti með börnunum, þ.e. þann hluta sem fjallar um það að vera út undan. Það sem bangsarnir segja í orðabelgjum ætti líka að lesa og ræða.

Umræður

- Hvernig líður þeim sem er út undan?
- Hefur einhver lent í því að vera hafður út undan?
- Hvað er hægt að gera ef maður lendir í því?
- Hvað getum við gert til þess að koma í veg fyrir að einhver sé hafður út undan?

Orðaforði

Út undan.

Leikir

Hver er undir teppinu?

Áhöld: Teppi.


Öll börnin eiga að loka augunum og grúfa sig niður þannig að þau sjái ekki neitt. Kennarinn velur eitt barn sem á að fela sig undir teppinu. Börnin eiga að reyna að finna út hver sé undir teppinu. Sennilegt er að mörg börn vilji fá að vera undir teppinu. Gefa má þessum leik góðan tíma. Markmiðið með leiknum er að fá börnin til þess að taka vel hvert eftir öðru.

Hver á andlitið?

Bundið er fyrir augun á einu barni og það á að þreifa á andliti bekkjarfélaga síns, sem ekki má láta heyrast í sér. Barnið á að reyna að þekkja viðkomandi með því einu að snerta hann. Þetta getur verið mjög erfitt. Ef leikurinn gengur ekki vel, má barnið sem á andlitið gefa frá sér hljóð. Síðan má gefa vísbendingar, þar til barnið hefur nafngreint þann sem andlitið á.

Verkefni

Börnin teikna mynd af nokkrum krökkum. Á blaðið gæti verið skrifað: Allir geta leikið sér saman. Börnin skrifa ofan í stafina. Myndina má setja í safnmöppuna.



Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Leikir.

Rýmisgreind: Myndir í kennslubók og teikning, leikur að þekkja andlit.

Málgreind: Umræður, leikir, orðaforði.

Samskiptagreind: Leikir, umræður.

Sjálfsþekkingargreind: Hvernig bregst ég við þegar ég er skilin(n) út undan? Eða þegar aðrir eru hafðir útundan.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Kennslustund 21

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund velta börnin því fyrir sér hvernig þau bregðast við þegar þau verða reið. Markmið kennslustundarinnar er að börnin læri að það er alltaf farsælast að láta reiðina ekki ná stjórninni heldur stjórna reiðinni. Hér er ekki verið að tala um að bæla reiði heldur hafa tök á henni. Þegar reiðin nær tökum á okkur gerum við og segjum hluti án þess að hugsa. Oft hefur það verri afleiðingar í för með sér. Það er erfitt að hugsa rökrétt þegar maður er mjög reiður svo það er gott að gera ekkert vanhugsað.

Nemendahefti bls. 11

Kennarinn skoðar bls. 11 í nemendahefti með börnunum og ræðir efni síðunnar við þau, en sleppir þeim hluta þar sem bangsarnir tala um reiði annarra. Sá hluti er geymdur til næstu kennslustundar.

Umræður

Allir verða einhvern tímann reiðir. Reiði er eðlileg tilfinning sem kemur stundum.

Hvað gerir okkur reið?

- Hvernig vitum við að við erum reið?
- Hvað gerum við þegar við verðum reið?
- Hvað er best að gera þegar maður er reiður?

Það er gott að telja upp að tíu og reyna að stilla sig. Síðan getur maður sagt rólega hvað manni finnst. Það er gott að geta sagt hvað manni finnst og leysa þannig málín. Það leysir engin mál að öskra, brjálást og berja allt og lemja.

Verkefni – reiðisvipur teiknaður

Börnin teikna eða mála mynd af sjálfum sér þegar þau eru mjög reið. Bendið þeim á reiðistrikin sem koma í andlitið þegar við reiðumst. Börn á þessum aldri eiga oft erfitt með að teikna myndir af tilfinningum. Allir virðast vera brosandir. Bendið börnunum á að teikna myndina þannig að þau séu ekki brosandir á myndinni heldur reið á svip. Nota má stærðfræðispegla sem til eru í flestum skólum og leyfa börnunum að skoða svipinn á sér þegar hann er reiðilegur. Sýnið þeim líka svipinn á ykkur þegar þið reiðist. Texti myndarinnar gæti verið: Þegar ég verð reið/ur. Myndina má setja í safnmöppur.

Orðaforði

Reiður, argur, brjáláður, vondur, æstur, að missa stjórn á sér. Að sefa reiðina, að stilla sig.



Leiklist – reiðileikur

Það er nánast útilokað að tala með reiðilegri rödd og brosa. Börnin eiga að segja eitthvað með reiðilegri rödd en vera skælbrosandi. Svo eiga þau að vera reiðileg á svip og segja eitthvað mjög glaðlega. Þau mega vera með speglana og sjá sig gera þetta.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Svipbrigði skoðuð.

Rýmisgreind: Myndir í kennslubók, sjálfsmynd teiknuð.

Málgreind: Umræður og hlustun, orðaforði.

Sjálfspækkingargreind: Börnin velta fyrir sér eigin viðbrögðum við reiði.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Kennslustund 22

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund er fjallað um reiði annarra og áhrif hennar á okkur. Markmiðið með kennslustundinni er að börnin geri sér grein fyrir tilfinningum sínum þegar aðrir reiðast og læri að bregðast við reiði annarra.

Nemendahefti bls. 11

Kennarinn les blaðsíðu 11 í nemendahefti með börnunum, þann hluta síðunnar sem fjallar um reiði annarra.

Umræður

- Hvernig líður ykkur þegar einhver verður reiður?
- Hvers vegna verða t.d. pabbi og mamma stundum reið við ykkur? Hvað hafið þið þá gert?
- En þegar kennari verður reiður við ykkur? Hvernig líður ykkur þá?

Klípusögur

A

Sigga var inni á baðherbergi með hvíta kettlinginn sinn. Allt í einu datt henni í hug að það væri svolítið skemmtilegt að stelast í málningardótið hennar mömmu sinnar. Mamma hennar átti augnskugga í öllum mögulegum litum.

Sigga vissi vel að hún mátti alls ekki fíkta við augnskuggana hennar mömmu en áður en hún vissi af var hún búin að mála sig alla í framan með augnskuggunum og nú var hún bleik, blá og fjólublá í framan. Hún dáðist að sjálfri sér í speglinum. En nú fékk hún góða hugmynd. Hún ákvað að setja svolíttinn augnskugga á hvíta kettlinginn sinn. Hún hugsaði að það myndi ekkert gera til því hún gæti bara þvegið kisu á eftir og mamma þyrfti ekki að verða vör við neitt. Kisa varð mjög falleg, bleik, appelsínugul, græn, blá og fjólublá. En loks var komið að því að þvo kisu. Sigga setti kisu í vaskinn og skrúfaði frá. Kisu leist ekkert á þetta og reyndi að forða sér. En Sigga var ákveðin og brátt var kisa orðin rennandi blaut. En þá klóraði kisa Siggu og slapp frá henni. Kisa hljóp rennandi blaut, og marglituð fram og Sigga á eftir.

Þegar mamma sá kisu og Siggu dauðbrá henni.

– Hvað hefurðu gert stelpa? sagði mamma.


Sigga sá að mamma var að verða fokvond. Hvað átti Sigga nú til bragðs að taka?

Hvernig er best að haga sér þegar mamma verður reið?

B

Palli var svolíttill prakkari. Hann hafði mjög gaman af því að stríða konunni í næsta húsi. Hann læddist að eldhúsglugganum hennar og bankaði á hann en faldi sig svo.

Dag nokkurn þegar Palli bankaði á gluggann hjá konunni var hún úti í garði og sá Palla. Hún kom arkandi að honum öskureið.



- Ert það þú sem ert alltaf að banka á gluggann minn?
Palli sá að konan var verulega reið.

Hvað haldið þið að sé best fyrir Palla að segja við konuna?

C

Elsa hafði fengið gult naglalakk frá frænku sinni. Hún hafði aldrei átt naglalakk fyrr. Henni fannst mjög spennandi að naglalakka sig. Þegar hún var búin að lakka allar neglurnar, langaði hana að lakka svolítið meira, en hún vissi bara ekki hvað. Hún ákvað að lakka fallegu, hvítu hurðarhúnana í húsinu.

Þegar pabbi hennar sá hvað hún var að gera, varð hann öskureiður. Hann tók naglalakksflöskuna af Elsu og henti henni í ruslið. Svo sagði hann Elsu að það væri líklega ekki hægt að ná naglalakkinu af og nú væri hún búin að skemma hurðarhúnana.

Pabbi var fokvondur.

Hvað á Elsa að segja við pabba sinn? Hvað á hún að gera?

Orðaforði

Reiður, öskureiður, fokvondur,

Leikur

Eftir erfiða umræðu um reiði getur verið gott að létta andrúmsloftið. Kenna má börnunum leikinn „fæddur – skírður“. Skiptið þeim í nokkra hópa. Látið þau standa í mátulegri fjarlægð hvort frá öðru þannig að hver hópur stendur í hring. Hver hópur fær bolta. Börnin eiga að kasta boltanum á milli sín. Ef einhver missir boltann er hann/hún fædd/ur. Næst þegar sá hinn sami missir boltann er hann skírður. Röðin gæti verið svona: Fæddur, skírður, fær fyrstu tönnina, fær aðra tönn, lærir að skrifa, ganga, tala, fer í leikskóla, fer í skóla. Tekur grunnskólapróf, stúdentspróf, giftir sig. Eignast börn, barnabörn, barnabarnabörn, deyr. Ekki þarf að leika leikinn til enda. Sá sem kemst „lengst á þroskabrautinni“ hefur misst boltann oftast.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Fæddur – skírður, bangsaleikur.

Rýmisgreind: Myndir í kennslubók.

Málgreind: Texti í kennslubók, umræður, orðaforði, klípusögur.

Samskiptagreind: Leikur, vangaveltur um viðbrögð við reiði annarra.

Sjálfspækingargreind: Vangaveltur um eigin viðbrögð við reiði annarra.

Tónlistargreind: Bangsaleikur, tónlist í upphafi kennslustundar.

Rök- og stærðfræðigreind: Fæddur – skírður.

Kennslustund 23

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um það hegðunarfyrirbæri að vera með frekju og væla. Þetta er hegðun sem mörg börn nota til þess að stýra umhverfi sínu. Þeim hættir hins vegar oft til að blanda þessu við tilfinningar sínar.

Nemendahefti bls. 12

Kennarinn les ljóðin í kennslubókinni fyrir börnin. Annað ljóðið í einu og ræðir innihald ljóðanna.

Umræður

Fyrri ljóðið:

- Hvað vildi hundurinn fá?
- Hvað gerði Matta til þess að reyna að fá hann til þess að hætta að gelta?
- Gekk það?

Hundurinn heimtaði hitt og þetta og aumingja Matta var orðin mjög þreytt á öllu þessu gelti.

- Getur verið að sum börn láti svona eins og hundurinn? Kannski gelta þau ekki en hvað gera þau í staðinn?
- Sum börn væla og suða til þess að fá það sem þau vilja. Virkar það?

Sum börn sem væla og suða fara í fýlu þegar þau fá ekki það sem þau vilja.

Seinna ljóðið:

- Af hverju ætli sá sem ljóðið fjallar um, vilji gráta í ár?
- Getur verið að sum börn gráti til þess að láta alla halda að þeim líði illa yfir því að þau fá ekki allt sem þau vilja?
- Hafði þið séð börn gráta yfir því að þau fá t.d. ekki sælgæti í búðinni?
- Hafði þið séð börn fara í fýlu af því að einhver vill ekki gera nákvæmlega það sem þeim þóknast?

Sumir krakkar fara meira að segja í fýlu við vini sína ef vinirnir hlýða þeim ekki. Það er ekki gott að venja sig á að fara í fýlu.


- Hvað er betra að gera en að fara í fýlu?

Saga

Einu sinni var lítill strákur sem hét Óli. Hann var bara þriggja ára. Óli var oft voðalega óþekkur. Óli reyndi eins og hann gat að vera þægur og stilltur strákur og gerði því aldrei sama þakkarastrikið tvisvar.

Einu sinni var hann í búð með mömmu sinni. Þetta var leikfangabúð. Mamma var að kaupa afmælisgjöf handa frænku þeirra sem var sex ára.

Allt í einu kom Óli auga á stóran, fallegan rauðan brunabíl. Brunabíllinn var með



ljósum sem gátu blikkað og Óli varð mjög spenntur. Óli flýtti sér til mömmu sinnar og togaði í hana og sagði ákveðinn:

– Óli vill fá svona babúbíl!

– Já, en Óli minn, svona bílar eru bara gefnir í jólagjafir. Kannski færðu svona bíl í jólagjöf.

– Nei, Óli vill fá svona bíl núna! sagði Óli og varð enn ákveðnari.

Mamma var líka ákveðin, enda kostaði rauði fallegi brunabíllinn mikinn pening.

– Nei, Óli minn. Þú færð hann ekki núna.

Þá lagðist Óli á gólfið í miðri búðinni og fór að öskra, suða og væla. Hann lamdi niður höndum og fótum.

– Óli vill fá svona babúbíl núna! sagði hann.

Mamma var alveg að gefast upp á honum, en hún lét sem hún heyrði ekki óhljóðin í honum. Svo fóru þau út í bíl. Þegar Óli var kominn í bílstólinn sinn og búinn að spenna beltið sá mamma að Óli var kominn í fýlu. Hann var í fýlu af því að hann fékk ekki stóra rauða brunabílinn. Mamma sagði ekki orð, Óli sagði heldur ekki orð. Honum fannst mamma vera mjög ósanngjörn.

- Var einhver í þessari sögu ósanngjarn?
- Hvort var það mamman eða Óli?
- Hvað hefði ykkur fundist um mömmuna ef hún hefði látið þetta eftir Óla og keypt handa honum stóra bílinn?
- Hvað hefði Óli lært af því?
- Hefði það ekki gert hann ennþá frekari næst þegar þau færu út í búð?

Nú ætla ég að segja ykkur hvernig fór þegar Óli fór næst í leikfangabúðina með mömmu sinni. Hann hafði lært svolítið í síðustu búðarferð.

- Hvað haldið þið að það hafi verið?

Hann lærði að það hafði engan tilgang að væla og suða og vera með frekju. Það þýddi heldur ekkert að fara í fýlu. Mamma myndi hvort sem er ekki kaupa rauða brunabílinn.

Þegar þau komu í búðina gekk Óli beint að fallega rauða brunabílnum. Hann kraup hjá bílnum og skoðaði hann mjög varlega.

Mamma hans fékk hnút í magann. Hún hélt að nú mundi Óli byrja að væla og suða. En það gerði Óli ekki. Í stað þess að væla og suða bjó Óli til lag um brunabílinn. Hann söng það við sussubíulagið sem mamma hans var vön að syngja fyrir hann þegar hann var að fara að sofa á kvöldin. Svona var lagið:

Óli fær svona babú bíl

þegar jólin koma,

þegar jólin koma,

þegar jólin koma.

Þannig kenndi Óli sjálfum sér þolinmæði og biðlund. Hann lærði að hann þarf ekki að fá allt sem hann bendir á, en hann má láta sig dreyma um að fá það seinna. Ef mamma hans hefði látið þetta eftir honum og keypt brunabílinn síðast þegar þau fóru í búðina, hefði Óli ábyggilega látið sér detta í hug að heimta eitthvað annað í dótabúðinni í þessari ferð.

Orðaforði

Heimta, væla, suða, fara í fýlu, þolinmæði, biðlund, ósanngjarn.

Verkefni

Börnin teikna hlut sem þau langar mjög mikið í. Þegar þau hafa teiknað myndina geta þau safnast saman í heimakróki og sagt frá myndinni og því sem þau langaði svona mikið í. Þau eiga líka að segja frá því hvernig þau hafa hugsað sér að reyna að eignast hlutinn. Eina reglan er að það er bannað að segja: Ég ætla að láta mömmu eða pabba (eða einhvern annan) gefa mér þetta. Börnin í þessum bekk heimta nefnilega ekki nokkurn hlut en þau eru þakklát fyrir það sem þau fá.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund


Rýmisgreind: Myndir í kennslubók skoðaðar, teikning.

Málgreind: Umræður, hlustað á sögur.

Samskiptagreind: Væl, suð, heimtufrekja og fýla til umræðu sem neikvæðir samskiptamöguleikar.

Sjálfsþekkingargreind: Teikniverkefnið: Hvernig ætla ég að reyna að eignast það sem mig langar í án þess að suða.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.



Kennslustund 24

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund skoðum við fyrirbæri í mannlegri hegðun sem kallað er að fara í fýlu.

Umræður

- Hvað er að fara í fýlu?
- Hvernig er sá á svipinn sem fer í fýlu?
- Hvernig hegðar sá sér sem er í fýlu?
- Af hverju fer fólk stundum í fýlu?

Sumir fara í fýlu við mömmu sína eða pabba eða systkini sín, aðrir fara í fýlu við vini sína.

- Hvað er slæmt við það að fara í fýlu?
- Er eitthvað gott við það að fara í fýlu? Hvað?

Saga

Elsa litla var svolítið stjórnsöm stelpa. Hún vildi ráða öllu. Til dæmis vildi hún alltaf ráða í hvaða fötum hún færi í skólann. Mamma hennar og pabbi höfðu svolítið aðrar skoðanir á því en Elsa. Elsa vildi alltaf fara lítið klædd í skólann. Hún vildi fara í spari-skónum og í sparikjólum, en mamma hennar og pabbi tóku það ekki í mál. Elsa tók því upp á því að fara í fýlu. Hún setti stóran stút á munninn og neitaði að klæða sig. Hún neitaði líka að fara í skólann. Það endaði með því að pabbi eða mamma urðu að klæða hana. Hún barðist um á hæl og hnakka. Þetta var ekkert auðvelt verk fyrir pabba og mömmu. Þegar Elsa var komin í skólafötin sín var hún komin í svo mikla fýlu að hún neitaði að borða morgunmatinn sinn. Það endaði með því að mamma hennar og pabbi urðu að mata hana. Svo þegar Elsa hafði loks borðað matinn sinn þverneitaði hún að ganga í skólann nema hún fengi að fara í spariskónum. Mömmu og pabba leist ekkert á það, því það var snjór úti og þá er betra að vera í kuldaskóm. Pabbi og mamma urðu því að klæða hana í kuldaskóna, því ekki gerði hún það sjálf. Á meðan pabbi eða mamma reimuðu skóna sat Elsa með fýlusvip og lét sem hún sæi þau ekki. Hún var staðráðin í því að fara ekki í skólann. Pabbi og mamma urðu því að keyra hana í skólann og leiða hana inn í skólastofuna. Svona var Elsa mikill fýlupoki.

Dag nokkurn voru pabbi og mamma búin að fá alveg nóg. Hver einasti morgunn var orðinn eins og versta martröð. Þau ákváðu því að láta Elsu læra sína lexíu.

- Hvað haldið þið að sé best fyrir pabbann og mömmuna að gera, svo Elsa hætti að fara í fýlu til þess að stjórna þeim?
- Hvernig vinkona ætli Elsa sé?
- Haldið þið að hún fari kannski í fýlu við fleiri en pabba sinn og mömmu?
- Flestir krakkar fara einhvern tímann í fýlu. Hvað getur maður gert annað en að fara í fýlu ef maður vill fá sínu framgengt?

Maður getur til dæmis reynt að ræða málin og reynt að komast að samkomulagi. Elsa gæti til dæmis reynt að ræða við foreldra sína og sagt þeim hvers vegna hana langi svona mikið til þess að fara í sparifötunum í skólann. Kannski fengi hún einhvern tímann að fara í sparifötunum í skólann. Kannski myndi hún líka skilja það betur hvers vegna maður fer ekki í sparifötunum í skólann. Kannski fengi hún að fara í sparifötin þegar hún kæmi heim úr skólanum og vera í þeim litla stund heima.

Það er alltaf hægt að komast að samkomulagi. Allir þurfa að kunna að ræða málin, án þess að fara í fýlu. Stundum þurfum við líka að gefa eftir. Elsa þarf að læra að gefa eftir og hætta að hugsa svona mikið um sparifötin. Þá yrðu morgnarnir mun auðveldari bæði fyrir hana og pabba og mömmu.

Orðaforði

Fara í fýlu, ræða málin og komast að samkomulagi. Gefa eftir.

Fýlupokaleikur

Börnin sitja í hring og láta poka, sem við köllum fýlupoka, ganga á milli sín. Pokinn er fullur af alls konar fötum s.s. húfum, treflum, vettlingum og sokkum. Kennarinn spilar tónlist af geisladiski og börnin láta pokann ganga á milli sín þannig að allir verða að snerta pokann. Þegar tónlistin stoppar á það barn sem á fýlupokanum heldur að opna pokann, loka augunum og draga eina flík upp úr pokanum og klæða sig í hana. Kennarinn lætur tónlistina aftur af stað og börnin halda áfram að láta pokann ganga. Þegar pokinn er tómur er leiknum lokið.

Söngvar

Pumalfingur er mamman. Sjá texta framar í kennsluleiðbeiningum.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund


Líkams- og hreyfigreind: Fýlupokaleikur, bangsaleikur.

Málgreind: Umræður og hlustun.

Samskiptagreind: Vangaveltur um fýlu sem neikvæðan hlut í mannlegum samskiptum.

Sjálfsþekkingargreind: Vangaveltur um aðrar leiðir sem hægt er að fara en að fara í fýlu.

Tónlistargreind: Söngur, bangsaleikur.



Kennslustund 25

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund skoða börnin hve ólík þau eru en í framhaldi af því skoða þau líka hvað það er sem þau eiga sameiginlegt og gerir þau lík. Kennslustundin er í rauninni vinna gegn fordómum og ætti að auka skilning barnanna á því að það er svo miklu fleira líkt með fólki en ólíkt.

Verkefni

Fáið börnin til þess að vinna saman tvö og tvö. Þau eiga að nota spegla (stærðfræðispeglar eru til í flestum skólum). Þau eiga að bera saman augnlit, húðlit, háralit og hve margar tennur þau eru búin að missa. Athugið að ef eitthvert barn hefur alvarlegan útlitsgalla og gæti orðið fyrir aðkasti eða þótt verkefnið erfitt er rétt að sleppa þessu verkefni alveg.

Umræður

Í mörgum skólum er til safn uppstoppaðra dýra. Ef slíkt safn er til, gæti kennarinn fengið eitt slíkt dýr lánað og haft á kennaraborðinu. Það gæti t.d. verið fugl. Dýrið má nota til þess að undirstrika það að við mennirnir erum hver öðrum líkir. Það sést að við erum menn, jafnvel þótt við séum ólík líka. Einnig má nota dýrið til þess að undirstrika að allt sem lífsanda dregur er dýrmætt og við eigum að bera virðingu fyrir því.

Nú höfum við skoðað hve ólík við erum í útliti en nú skulum við skoða hvað það er sem gerir okkur lík í útliti. Hvað eigum við sameiginlegt? Við erum öll með augu, nef, munn eyru og útlími. Það sést að við erum manneskjur og engum dytti í hug að við værum t.d. fuglar (kennarinn bendir á uppstoppaða fuglinn). Hvað eigum við sameiginlegt með fuglinum? Við erum með tvö augu eins og hann og tvo fætur.

Nú mætti skoða hvað við manneskjurnar og aðrar lífverur eigum sameiginlegt. Hér kemur listi til stuðnings ef það skyldi þurfa að ýta undir umræðurnar:

Við öndum,
við finnum til,
við getum orðið hrædd,
okkur getur orðið kalt,
okkur getur liðið vel og illa,
við viljum lífa,
við viljum að aðrir séu góðir við okkur.

Við eigum margt sameiginlegt í útliti en hugsanlega eigum við enn fleira sameiginlegt að öðru leyti. Við höfum svipaðar tilfinningar.

Verkefni

Börnin reyna að leira manneskju og fugl (eða uppstoppaða dýrið).

Stærðfræðiverkefni

Börnin gera könnun á ýmsum atriðum varðandi bekkjarfélaga sína. Niðurstöðurnar færa þau síðan inn á töflu.

- Hve margar stelpur og hve margir strákar eru í bekknum?
- Hve margir eru ljóshærðir og hve margir eru dökkhærðir, hve margir eru rauðhærðir, hve margir eru skolhærðir?
- Hve margir eru minni en 115 cm og hve margir eru stærri en 115 cm (má einnig styðjast við aðra tölu þannig að sem jafnast verði í báðum hópum).
- Hve margir eiga afmæli í (nefnið mánuðina og skráið hve margir eru fæddir í hverjum mánuði).

Orðaforði

Líkt, ólíkt, sameiginlegt, tilfinningar.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur, leirvinna.

Rýmisgreind: Leirvinna.


Málgreind: Umræður og hlustun.

Samskiptagreind: Umræður sem hvetja til umburðarlyndis gagnvart því sem er ólíkt og skilningur á því sem gerir okkur lík.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Stærðfræðiverkefni.

Umhverfisgreind: Samanburður á fólki og dýri. Hvað er líkt, hvað er ólíkt.



Kennslustund 26

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um tilfinningar okkar. Allir hafa tilfinningar og öll upplifum við sömu tilfinningarnar einhvern tímann. Allir kannast til dæmis við það að vera hræddir eða óttast eitthvað.

Nemendahefti bls. 13

Kennarinn les vísurnar á bls. 13 í kennslubókinni og ræðir efni þeirra við börnin.

Umræður

Fyrst er rætt um draum Óla. Stundum dreymir okkur illa.

- Hvernig líður okkur þá?
- Hvað finnst okkur best að gera þegar við vöknum illa upp við vonda draum?
- Af hverju verðum við hrædd við vonda drauma? En er eitthvað að óttast?

Stundum erum við hrædd við eitthvað sem er ekki til eða er ekkert hættulegt.

- Af hverju ætli það sé?
- Við hvað eru börn helst hrædd?

Hér mætti tala um ljótar bíómyndir, hrekkjusvín, umferðina, ókunnugt fólk o.s.frv. Fáid hugmyndir hjá börnunum.

Stærðfræðiverkefni

Börnin flokka ótta niður í tvo flokka. Annars vegar það sem við óttumst en er ekki til í alvörunni og hins vegar það sem við óttumst og þurfum að gæta okkar á.

Það sem við óttumst og er ekki til gæti t.d. verið Grýla, draugar, eitthvað sem er í ljótum myndum, ljótir draumar o.s.frv. Það sem við óttumst og þurfum að gæta okkar á gæti t.d. verið umferðin, að tala við ókunnugt fólk sem er skrytið og okkur líst ekki á.

Orðaforði

Ótti, hræðsla.

Teikniverkefni

Börnin teikna það sem þau eru hrædd við og ræða það í heimakróki. Þau eiga að meta hvort óttinn er ástæðulaus eða hvort hann sé þarna til þess að vernda þau fyrir hættum. Ótti er stundum nauðsynlegur því þá gætum við okkar á raunverulegum hættum. Þannig höfum við vit á því að passa okkur og ana ekki út í vitleysu eins og t.d. út á miðja umferðargötu.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur.


Rýmisgreind: Myndir í kennslubók, teikniverkefni.

Málgreind: Umræður, hlustun, orðaforði.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér sínum eigin ótta.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Könnun.



Kennslustund 27

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund velta börnin því fyrir sér hvernig allt í náttúrunni gerir sitt gagn. Allir eru mikilvægir. Markmiðið með þessari kennslustund er að auka virðingu fyrir umhverfinu og sjálfsvirðingu barnanna. Efni kennslustundarinnar gæti verið það viðamikið að vel mætti gefa því tvær kennslustundir.

Nemendahefti bls. 14

Kennarinn skoðar bls. 14 í nemendaheftinu með börnunum og kynnir þannig efni kennslustundarinnar fyrir þeim.

Umræður

Kennarinn fær börnin til þess að nefna ýmsar dýrategundir sem þau muna eftir. Þetta geta bæði verið skordýr, fuglar, hundar, kettir og margt fleira. Hér mætti líka tala um dýr sem börnin óttast. Meira að segja hin ógnvænlegustu dýr gera sitt gagn í náttúrunni. Stýra má umræðunni.

- Hvaða gagn gera kettir? Kettir veiða mýs, kettir halda músunum líka í fjarlægð, kettir geta verið góðir vinir okkar.
- Hvaða gagn ætli hundar geri? Hér mætti tala um íslenska fjárhundinn sem kann að reka kindur og jafnvel kýr, veiðihunda, sporhunda, lögregluhunda, varðhunda o.s.frv.
- Hvaða gagn gerir fiskurinn í sjónum? Ekki má gleyma að allir þurfa að borða. Fiskurinn er hollur matur og hjálpar börnum að stækka.
- Köngulær, hvaða gagn ætli þær geri? Þær spinna vef og veiða flugur. Kannski passa þær upp á að flugurnar verði nú ekki of margar.
- Flugurnar gera líka gagn með því að bera frjókorn á milli staða og næringu til blómanna.

Verkefni – dýralíf

Líklegt er að náttúran sé enn í dvala og engar flugur komnar á kreik. Hins vegar mætti skoða uppstoppuð dýr eða jafnvel fara á bókasafnið og finna bækur um dýralíf. Lifandi vísindi er oft með athyglisverðar myndir sem börnin hafa gaman af að skoða. Stundum vitum við ekki hvaða gagn sum dýr gera. Við vitum ekki allt. Þetta gætu aðrir vitað sem þekkja dýrategundina betur. Við þurfum ekki að vita allt.

Gæludýraverkefni

Vel mætti finna út hve mörg dýr og dýrategundir börnin þekkja. Eins mætti gera könnun á því hve margir eiga gæludýr og hvaða gæludýr er algengast. Gerir gæludýrið eitthvert gagn á heimilinu? En ef það væri í náttúrunni?

Einnig mætti kanna hve margar jurtir og gróður börnin þekkja. Setja má könnunina upp í súlurit. Í framhaldi af því mætti ræða um það hve mikið gagn þau sjálf gera og hvaða gagn mannfólkið gerir á jörðinni.

Orðaforði

Heiti á dýrum og jurtum. Að gera gagn.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur.


Rýmisgreind: Myndir skoðaðar í kennslubók og í bókum og tímaritum.

Málgreind: Umræður, orðaforði.

Tónlistargreind: Bangsaleikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Könnun á dýrategundum og/eða gæludýraeign.

Umhverfisgreind: Allt í náttúrunni gerir gagn. Dýralíf skoðað.



Kennslustund 28

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um almenna kurteisi, svo sem að heilsa og kveðja.

Nemendahefti bls. 15

Kennarinn skoðar bls. 15 í nemendahefti og leggur áherslu á þann þátt á síðunni þar sem rætt eru um að heilsa og kveðja.

Kurteisisæfing

Heilsa og kveðja

Börnin æfa sig í því að heilsast. Það á að heilsast með hægri hendi og horfa í augu þess sem heilsað er. Linkulegt handtak er ekki traustvekjandi. Kennum börnunum að taka þétt í hönd þess sem þau heilsa en samt ekki of fast.

Talað í síma

Þegar við hringjum kynnum við okkur. Börnin sitja í hring eða í sætum sínum. Eitt og eitt barn segir í einu hvernig það myndi kynna sig í síma. Það á að nefna sitt nafn og spyrja síðan eftir barninu sem situr við hliðina á því. Gefið börnunum fyrst fyrirmæli um það hvernig á að kynna sig þegar maður hringir eitthvað.

- Halló, þetta er Anna, er Siggí heima.
- Halló, þetta er Siggí, er Stína heima.
- Halló, þetta er Stína, er ...

Af hverju þurfum við að kynna okkur í síma? Sá sem svarar í símann sér okkur ekki og veit ekkert við hvern hann er að tala.

Fullorðnir og börn

Þegar fullorðnir gestir eru í heimsókn og eru að tala við pabba og mömmu eiga börnin að hlusta. Þau eiga ekki að hafa orðið allan tímann, en svara þegar þau eru spurð. Það má ekki grípa fram í. Hvað er að grípa fram í? Einhver er að tala og þá grípur einhver fram í fyrir honum og fer að segja eitthvað allt annað. Við eigum að leyfa öðrum að ljúka við það sem þeir hafa að segja og hlusta á þá og koma síðan með okkar athugasemd.

Verkefni – ég tala í síma

Börnin teikna mynd af sjálfum sér að tala í símann. Síðan safnast þau saman í heimakróki og sýna myndina sína. Hvert barn segir frá myndinni og segir frá því við hvern það er að tala, hvernig það kynnir sig í síma og hvernig það kveður.

Orðaforði

Grípa fram í, sæll og blessaður, sæl, góðan daginn, gott kvöld, komdu sæl, halló, bless, vertu blessuð.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Bangsaleikur, hægri, vinstri, heilsast.


Rýmisgreind: Teikning, myndir í kennslubók skoðaðar.

Málgreind: Orðaforði, umræður, tjáning í heimakróki

Samskiptagreind: Almenn kurteisi rædd og lærð.

Sjálfsþekkingargreind: Kann ég almenna kurteisi? Kann ég að heilsa og kveðja?

Tónlistargreind: Bangsaleikur.



Kennslustund 29

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um borðsiði.

Nemendahefti bls. 15

Kennarinn skoðar bls. 15 í nemendahefti með börnunum og leggur áherslu á þann hluta sem snýr að borðsiðum og að leggja á borð.

Verkefni – leggja á borð

Hvert barn fær einn pappadisk, plasthníf, plastgaffal, plasticskeið og plastglas (einfaldast að nota einnota hluti). Einnig mætti heimsækja heimilisfræðistofuna og gera verkefnið þar eða sýna verkefnið á töflu eða á glæru. Börnin eiga að læra að leggja á borð. Í kennslubókinni er vísa um það hvernig á að leggja á borð. Allir geta sungið vísuna saman (með sínu lagi eða rappað og klappað um leið), meðan lagt er á borðið. Það eru ákveðnar ástæður fyrir því að gaffallinn er alltaf hafður vinstra megin, hnífurinn hægra megin og að skeiðin vísi með skaftið til hægri. Þegar borðað er með hníf og gaffli, halda allir á gafflinum í vinstri hendinni, hnífnum í þeirri hægri (Líka þeir sem eru örghentir). Við höldum síðan á skeiðinni með hægri hendinni og einnig á glasinu. Ef sumir borða með vinstri og aðrir með hægri er hætta á því að allir rekist með olnbogana í sessunaut sinn. Sýna má og æfa fleiri atriði s.s. þegar setið er til borðs heldur maður olnbogunum að sér en beinir þeim ekki út í loftið (það væri slæmt því allir myndu reka sig í sessunautinn).

Sýnið börnunum einnig hvernig á að halda á gafflinum, hnífnum og skeiðinni, því ekki er sama hvernig að því er farið meðan borðað er. Eins má benda börnunum á að það þykir ókurteisi að vera með olnbogann eða alla hendina uppi á borðinu meðan borðhald er en það má láta hendurnar hvíla á borðinu rétt fyrir neðan úlnliði. Að sjálfsgöðu sitja allir beinir og fallega við matarborðið.

Umræður – mannsiðir

- Hvaða siðir gilda við matarborðið?

(Siðir og reglur eru margar og kennarinn verður að veða og meta hve nákvæmlega farið er í þessu atriði). Fáíð börnin til þess að rifja upp reglurnar og skrifið þær á töflu. Listann má setja í safnmöppu barnanna síðar og láta þau þá myndskreyta hann.

Dæmi um borðsiði:

- Þegar fólki er boðið að setjast að borði til að borða er sagt: gjörið þið svo vel.
- Það á að tyggja með lokaðan munninn. Sá sem tyggur með opinn munninn smjattar og það finnst mörgum ógeðfellt.
- Það má ekki sötra.
- Það má að sjálfsgöðu ekki ropa né gefa frá sér önnur búkhljóð. Verði einhverjum það á skal hann reyna að hafa það pent og biðjast afsökunar.

- Það má ekki tala með fullan munninn af mat.
- Það má ekki syngja við matarborðið. Í gamla daga var sagt að sá sem syngur við matarborðið sé að syngja sult í búíð (þ.e.a.s. hungur á heimilið – matarskort).
- Það má ekki sleikja hnífinn.
- Það má ekki teygja sig yfir disk næsta manns til þess að ná í mat eða eitthvað sem vantar, heldur biðja um að láta rétta sér.
- Maður á að vera duglegur að rétta öðrum.
- Ekki borða með fingrunum. Fuglakjöt er undantekning frá þessu því það má borða með fingrum.
- Það má ekki standa upp frá borðum ef allir eru enn að borða, nema ef það er mjög nauðsynlegt og þá segir sá sem stendur upp: Hafði mig afsakaða(n).
- Ef einhver kemur of seint að matarborðinu og allir eru byrjaðir að borða segir sá sami: Verði ykkur að góðu.
- Þegar máltíð er lokið segir maður: Takk fyrir matinn og sá sem eldaði matinn eða bauð í matinn segir: Verði þér að góðu.

Saga

Hvers vegna kettir þvo sér alltaf eftir matinn

Einu sinni var köttur, hann var svangur og leitaði að einhverju ætilegu, sem honum þætti jafnframt verulega gott. Hann hafði ekki lyst á mús og ekki heldur mjólkurskál eða fiski. Hann langaði í eitthvað sérstakt, eitthvað annað en venjulega. Allt í einu kom hann auga á lítinn fugl.

„Parna er einmitt það sem mig langar í,“ hugsaði kötturinn. „Kræsilegur fugl að tarna.“

Og svo mjakaðist hann á kviðnum gegnum grasið og læddist að fuglinum. Fuglinn var í leit að æti eins og kötturinn og svo önnum kafinn við að grafa upp orma, að hann heyrði ekki til kattarins. (Ó, já, svona er nú heimurinn! Kettir éta fugla, fuglar éta orma, og ormar – nei, við vorum reyndar að tala um annað.)

Skyndilega stökk kötturinn fram úr fylgsni sínu og samstundis hafði hann fuglinn í klónum. Veslings fuglinn varð svo óttasleginn að hann náði varla andanum. Veiðihárin á kettinum skulfu af tilhlökkun eftir þessum væntanlega veislukosti. En fyrst ætlaði hann að stríða fuglinum svolítið sér til gamans. Hann velti honum á allar hliðar og lét sem hann ætlaði að láta bráðina sleppa, en greip hana samstundis aftur með loppunni. Og á meðan náði fuglinn andanum aftur, og jafnframt ráði og rænu.

Þegar kötturinn opnaði ginið í því skyni að taka til matar síns, tók fuglinn til máls.

„Æltarðu að éta mig núna?“ spurði hann kurteislega.

„Já, það máttu vera viss um,“ sagði kötturinn, „og þér er ekki til neins að malda í móinn.“

„Það geri ég heldur ekki,“ sagði fuglinn. „Ég er bara dálítið vonsvikinn. Það er raunar nógu slæmt að vera étinn af ketti. En það er blátt áfram andstyggilegt að vera étinn af ketti, sem er illa siðaður.“

„Illa siðaður!“ æpti kötturinn sármóðgaður.

„Hver segir að ég sé illa siðaður?“

„Ég hef víða flogið um ævina,“ sagði fuglinn: „ég hef alls staðar verið, jafnt með kóngum og kotungum. Og, hvergi nokkurs staðar hef ég rekist á kött – jafnvel ekki minnsta kettling – sem settist að snæðingi án þess að þvo sér fyrst. Það er frámunalega siðlaust.“



Kötturinn settist upp. „Ég veit það fullt eins vel og aðrir kettir hér á landi, að það á að þvo sér á undan máltíðum,“ sagði hann drembilega. „Svo þú verður að bíða andartak.“ Síðan sleppti hann fuglinum og fór að þvo sér.

En fuglinn flaug samstundis upp í tré, þar sem hann var öruggur. Kötturinn horfði sultaraugum á eftir honum. „Ég átti ekki betra skilið,“ sagði hann við sjálfan sig. „Það er ekki vert að trúa öllu sem sagt er.“

Og síðan hafa kettir ævinlega snætt fyrst og þvegið sér síðan.

(Úr bókinni Berin á lynginu.)

Orðaforði

Hægri, vinstri, borðsiðir, takk fyrir mig, verði ykkur að góðu, gjörið þið svo vel, hafið mig afsakaðan, sötra, smjatta.

Söngvar

Gaffallinn til vinstri (vísa er á bls. 15 í kennslubók).

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Lagt á borð, vinstri og hægri, bangsaleikur.

Rýmisgreind: Myndir í bók skoðaðar.

Málgreind: Hlustað á sögu, umræður.

Samskiptagreind: Borðsiðir.

Tónlistargreind: Söngur, bangsaleikur, tónlist í upphafi kennslustundar.

Kennslustund 30

Kennslustund hefst

Gott er að láta hverja kennslustund hefjast á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Áhersluatriði

Í þessari kennslustund ræðum við um gleði og leiða. Þetta eru tilfinningar sem lítil börn þekkja vel og geta talað um af reynslu. Hér velta þau fyrir sér hvers vegna þau verða leið og hvað það er sem gleður þau. Efni þessarar kennslustundar er það viðamiklægt að vel mætti eyða í það fleiri en einni kennslustund.

Nemendahefti bls. 16

Kennarinn skoðar og les bls. 16 í nemendahefti með börnunum og ræðir efni blaðsíðunnar við börnin.

Umræður

Börnin velta fyrir sér þýðingu þess að hlakka til einhvers. Börnin nefna hátíðir sem þau hlakka venjulega mikið til s.s. jóla, áramóta, afmælis, 17. júní o.s.frv. En það er líka hægt að hlakka til annarra hluta t.d. fara í sumarfrí, ferðalag, eignast eitthvað eða hitta einhvern. Fáid börnin til þess að aðstoða við upptalninguna.

- Hvernig líður okkur þegar við hlökkum til.
- Tilhlökkun gerir okkur glöð.

Sagan um kýrnar Skjalda, Búkollu og Hyrna

Einu sinni voru þrjár kýr. Það var kýrin Skjalda, kýrin Búkolla og kýrin Hyrna. Þær höfðu verið allan veturinn inni í fjósi.

- Mikið hlakka ég til þegar okkur verður hleypt út úr fjósinu í vor, sagði kýrin Skjalda.
- Já, ég líka, sagði kýrin Hyrna.
- Ekki ég, sagði kýrin Búkolla. Ég er viss um að bóndinn gleymir að hleypa okkur út úr fjósinu.
- Af hverju ertu svona neikvæð? spurði kýrin Hyrna.
- Ég er ekkert neikvæð. Ég er bara viss um að hann gleymir að hleypa okkur út úr fjósinu og lætur okkur híma hérna inni í allt sumar, sagði kýrin Búkolla.


Skjalda og Hyrna urðu leiðar. Eins og þær höfðu hlakkað til að fá að fara út úr fjósinu, þá voru þær nú farnar að kvíða því að bóndinn myndi gleyma að hleypa þeim út.

Þær urðu daprari og daufari með hverjum deginum og ekki hjálpaði neikvæðnin í Búkollu.

- Iss, þið þurfið ekki að gera ykkur neinar vonir um að komast nokkurn tímann út úr fjósinu. Ætli við verðum ekki ellidauðar hérna inni, sagði hún.

Dag nokkurn þegar bóndinn kom inn í fjósið, sagði hann við þær: – Jæja, nú er vorið komið og sólin skín hátt á lofti. Er ekki kominn tími fyrir ykkur að fara út og viðra ykkur.

Kýrnar trúðu ekki sínum eigin eyrum. Bóndinn leysti þær af básunum og hleypti þeim út. Fyrst fengu þær ofbirtu í augun. Það var svo langt síðan þær höfðu farið út úr fjósinu. En þær voru fljótar að jafna sig og nú hoppuðu þær og skoppuðu og köstuðu rössum og hölum hátt upp í loft.



- Ég vissi það, baulaði Búkolla. Ég vissi að hann myndi ekki gleyma okkur. Hinar kýrnar urðu undrandi.
- En þú sagðir alltaf að hann myndi gleyma að hleypa okkur út. Við sem höfðum hlakkað svo til. Þú rændir okkur tilhlökkuninni með neikvæðni og svartsýni.
En Búkolla lét sem hún heyrði ekki í þeim og hoppaði og skoppaði lengst út á tún. Hyrna og Skjalda hristu stóru höfuðin sín.
- Það þýðir ekkert að fást um þetta. Komum og njótum lífsins.
Hyrna og Skjalda bauluðu hátt og hressilega, teygðu úr sér og tóku undir sig stökk á eftir Búkolllu út á stóra túnið.

Til athugunar

Vel mætti útskýra fyrir borgarbörnum sem ekki þekkja til sveitalífs að kýr eru hafðar inni allan veturinn en er svo hleypt út á vorin og þá er nú líf í tuskunum.

Brandarastund

Börnin undirbúa sig heima og segja síðan einn brandara í tímanum. Brýna þarf fyrir börnunum að tala skýrt og segja brandarann ekki of hratt svo allir heyri vel. Minnið börnin á að hlusta vel á þann sem segir brandarann.

Hlustun – málun – hreyfing

Kennarinn spilar glaðlega tónlist fyrir börnin. Börnin fá þekjuliti og eiga að mála glaðlega mynd við tónlistina. Myndina má síðan setja í safnmöppuna. Eins mætti láta börnin hreyfa sig í takt við fjöruga og glaðlega tónlist.

Orðaforði

Tilhlökkun, gleði, leiði, ég hlakka til.

Kennslustund lýkur

Bangsaleikur

Enda má hverja kennslustund á sama hátt. Sjá fyrstu kennslustund.

Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Dans og hreyfingar með tónlist, bangsaleikur.

Rýmisgreind: Málað við tónlist, myndir skoðaðar.

Málgreind: Umræður, hlustun, brandarar sagðir.

Samskiptagreind: Að hlusta þegar aðrir eru að tala.

Sjálfsþekkingargreind: Vangaveltur um hvaðan gleðin og ánægjan koma.

Tónlistargreind: Hreyfing við tónlist, bangsaleikur.

Umhverfisgreind: Svoltill lærdómur um lífið í sveitinni þegar kúnum er hleypt út úr fjósi og gleðina sem því fylgir.

Heimildaskrá

- Anine Rud o.fl. ritstj., *Berín á lynginu*. 1977. Þýðandi: Þorsteinn frá Hamri. Bjallan.
- Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*, önnur útgáfa. Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði. JVP útgáfa. Reykjavík.
- Einelti kemur öllum við*. Skýrsla um ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti á Hótel Sögu, laugardaginn 17. október 1998.
- Elín Elísabet Jóhannsdóttir. 2001, *Skrefi á undan, forvarnaefni ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum*. Æskan. Reykjavík.
- Glatt á Hjalla*. Sönghefti frá leikskólanum Hjalla.
- Goleman, Daniel. 2000. *Tilfinningagreind*. Áslaug Ragnars þýddi. Iðunn. Reykjavík
- Halldór Laxness. 1930. *Kvæðakver*. 5. útgáfa 1992. Vaka – Helgafell. Reykjavík.
- Hörður Haraldsson. 1994. *250 leikir*. Setberg. Reykjavík.
- Kristján frá Djúpalæk. 1970. *Vísnaþók Æskunnar*. Barnablaðið Æskan.
- Ragna Freyja Karlsdóttir. 2001. *Ofvirkniþókin fyrir kennara og foreldra*. Reykjavík.
- Skólasöngvar 1. hefti*. [ártal vantar]. Friðrik Bjarnason og Páll Halldórsson söfnuðu. Ríkisútgáfa námsbóka.
- Stefán Jónsson. 1979. *Segðu það börnum*. 15 Ritsafn barna og unglingsbóka. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.